

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Þátttaka

Það voru 47 afkvæmarannsóknir sem uppfylltu skilyrði um styrkhæfni haustið 2015 (sjá nánar um skilyrðin hér að neðan) og voru afkvæmahóparnir 514 talsins. Í töflu 1 sést hvernig hóparnir skiptast eftir sýslum. Mest er þátttakan í Skagafirði en samdrátturinn er mikill í Norður-Þingeyjarsýslu og á Vesturlandi. Þetta er þónokkur fækkun frá því sem verið hefur. Skýristi þetta að einhverju leita af því að erfiðara er að uppfylla skilyrðin eftir að krafan um fimm veturgamla hrúta var sett inn. En sú krafa var sett til að auka gildi þessarar vinnu fyrir ræktunarstarfið og hvetja bændur til að prófa lambhrútana markvist og auka hlutdeild þeirra í hrútaflotanum og þar með stuðla að auknum erfðafrámförum. Þá hefur tíðarfarið haft ákveðin áhrif og skýrist samdráttur í lambaskoðunum t.d. í Norður-Þingeyjarsýslu að einhverju leiti af minni vænleika lamba miðað við árið áður. Kostnaður skiptir þarna örugglega einnig máli og síðan hafa sjálfsagt einhverjir ekki borið sig eftir því að tilkynna afkvæmarannsóknina.

Tafla 1. Yfirlit um yfir fjölda afkvæmarannsókna eftir svæðum.

Svæði	Fjöldi	
	veturgamalla hrúta í prófun	Fjöldi bóva
Borgarfjörður	5	1
Mýrarsýsla	5	1
Snæf.- og Hnappadalsýsl.	13	2
Dalasýsla	20	3
Barðastandarsl.	22	3
Strandasýsla	43	6
V-Húnavatnssýsla	26	3
A-Húnavatnssýsla	32	4
Skagafjarðarsýsla	60	9
S-Þingeyjarsýsla	25	4
N-Þingeyjarsýsla	7	1
Austurland	21	3
A-Skaftafellssýsla	14	2
V-Skaftafellssýsla	6	1
Rangárvallarsýsla	8	1
Árnessýsla	16	3
Alls	323	47

Synir stöðvarhrútanna

Sá sæðingastöðvarhrútur sem á flesta syni í afkvæmarannsóknunum er Salamon 10-906 en hann á 16 syni, næstur kemur Bósi 08-901 með 15 syni, þá kemur Saumur 12-915 með 12 syni og síðan koma þeir Grábotni 09-877, Ás 09-879 og Gaur 08-869 með 11 syni hver. Guffi 08-869 átti 10 syni. Aðrir hrútar áttu færri en 10 syni. Guffi 08-869 og Guðni 09-902 áttu flesta sigurvegarana eða þrjá syni hvor sem stóðu eftir í afkvæmarannsóknum en einnig voru nokkrir Saumssynir og Grábotnasynir með mjög góðan árangur.

Reglur um styrkhæfni

Reglur fagraðs um styrkhæfar afkvæmarannsóknir eru þær sömu og unnið var eftir sl. haust: Í samanburðinum þurfa að vera að lágmarki fimm veturgamlir hrútar (lambhrútar haustið 2014). Sjálfsagt að hafa eldri hrúta með. Hver hrútur þarf að eiga 8 afkvæmi af sama kyni sem eru ómmæld og stiguð og 15 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar. Hrútarnir þurfa að hafa verið notaðir á sem samstæðasta ærhópa. Bændur í netskilum gangi frá afkvæmarannsókninni í Fjávís.is. Að því loknu skal senda tilkynningu á netfangið ee@rml.is um að frágangi sé lokið. Tilkynningin skal berast fyrir 15. nóvember. Gert er ráð fyrir að styrkur á hvern veturgamlan hrút sé 2.000 kr.

Gildi afkvæmarannsókna

Afkvæmarannsóknir nýtast mjög vel í sauðfjárrækt til þess að meta gæði hrúta sem lambafeðra. Besti dómurinn á veturgömlu hrútana er afkvæmadómurinn og því er mjög æskilegt, þar sem það er hægt, að leggja höfuð áherslu á að prófa lambhrútana með þessum hætti.

Lífmælingahlutinn er mikilvægur partur af dómnum, því með ómmælingunni næst mat á dýrmætasta skrokkhlutann sem ekki er hægt að fá eins nákvæmt mat á í sláturhúsi. Ómmælingarnar eru jafnframt besta mælikvarði á vöðvahlutfall og þar með vöðvamagn skrokksins.

Niðurstöðurnar eru liður í því að bóndinn velji bestu lambafeðurna til áframhaldandi ræktunar og á grunni afkvæmarannsókna hafa flestir sæðingastöðvarhrútar verið valdir til notkunar fyrir hið sameiginlega ræktunarstarf.

Um útreikninga

Sú breyting var gerð á útreikningum að í lífmælingahlutanum hefur einkunn fyrir frampart fengið aðeins vægi í stað einkunnar fyrir ull. Núgildandi vogtölur eru 10 fyrir ómvöðva, 15 fyrir

ómfitu, 14 fyrir læri og 6 fyrir frampart (var 19,5 fyrir ómvöðva; 13 fyrir ómfitu; 7,5 fyrir læri; 6,5 fyrir ull), þetta segir þó ekki til um raunverulegt vægi eiginleikanna því mælieiningarnar eru misjafnar. Þetta þíðir í raun að áfram hefur ómvöðvinn mest vægi, síðan ómfitan, þá lærin og síðan framparturinn þegar horft er á einkunn úr líflambaskoðuninni. Uppfærðir voru þungaleiðréttingarstuðlar fyrir ómmælingar á vöðvaþykkt og fitu. Þá eru fjöldaleiðréttingarstuðlar sem gera það að verkum að ef tveir hrútar hafa t.d. sama meðaltal fyrir þykkt bakvöðva hjá afkvæmum og annar hrúturinn á 8 dæmd afkvæmi en hinn 20 þá verður einkunnin hærrí hjá þeim hrúti sem á 20 afkvæmi.

Fallþungi hefur verið tekinn inn sem einn af þrem þáttum í **heildareinkunn** hrútsins þar sem hver þáttur hefur jafnt vægi (líflambamælingar, kjötmatsniðurstöður og fallþungi). Þar sem heildareinkunnin er nú samsett úr þrem þáttum, þá verður dreifnin minni, færri hrútar ná mjög hárrí einkunn. Ávalt ber að hafa í huga að útslagið segir fyrst og fremst til um hvaða yfirburði hrúturinn hefur miðað við aðra hrúta í samanburðinum innan búsin en ekki er hægt að nota þessa einkunn til þess að bera saman við heildareinkunn hrúta í öðrum afkvæmarannsóknum. Sem dæmi þá getur orðið erfitt fyrir hrúta að sýna mikið útslag ef allir hrútarnir eru mjög sterkir, líkt og stundum vill verða í afkvæmarannsóknum vegna sæðingastöðvanna.

Eyþór Einarsson

Listi yfir hrúta með 110 eða herra í heildareinkunn í afkvæmarannsóknum haustið 2015																
Nafn	Númer	Bú	Faðir	Faðir nr.	Fallb.eink.	Kjötm.eink.	Eink. líflömb	Afkr.heildareink.	Fallbungj	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Krapi	13-940	Innri-Múli, Barðaströnd	Gullmoli	08-314	107	156	138	133	18,3	11,4	6,4	26,5	2,8	17,4	138	
Goði	13-342	Forsæludalur, A-Hún.	Mjaldur	11-551	119	131	137	129	19,1	11,0	7,5	28,9	3,4	17,5	156	
Dvergur	10-115	Skarðaborg, S-Þing.	Stáli	06-831	105	147	129	127	16,2	11,9	5,8	30,0	2,0	18,4	138	
Burkni	13-951	Mýrar 2, Hrótafirði, V-Hún.	Birkir	10-893	113	140	124	126	18,8	10,9	7,1	30,0	3,5	17,7	150	
Frami	11-250	Ríp, Skagafirði	Kubbur	10-243	98	133	144	125	17,0	11,4	6,9	30,4	2,9	17,8	151	
Óskar	13-530	Syðri-Hofdalir, Skagafirði	Grábotni	06-833	96	147	133	125	16,7	10,1	6,3	30,1	3,1	17,7	144	
Lurkur	14-346	Forsæludalur, A-Hún.	Hængur	10-903	112	136	121	123	18,7	10,9	7,1	28,3	3,4	17,5	152	
Bergson	14-491	Valdasteinsstaðir, Strandasýslu	Guffi	08-869	104	136	126	122	17,5	10,5	6,3	31,6	3,2	17,0	139	
Guðnason	14-764	Melar 3, Hrótafirði, Strandasýslu	Guðni	09-902	95	132	137	121	16,3	9,6	6,4	28,0	3,6	17,3	127	
Magni	13-944	Heydalsá I, Strandasýslu	Dropi	10-134	103	122	136	120	18,4	11,7	7,1	29,7	3,8	17,8	137	
Fjarki	10-150	Garður, Þistilfirði, N-Þing.	Búri	09-165	108	102	150	120	16,6	9,8	6,9	29,7	2,1	17,8	151	
Kjartan	13-178	Hof, Vatnsdal, A-Hún.	Kjarkur	08-840	105	119	136	120	18,7	10,6	7,1	28,6	3,1	17,8	142	
Baxi	14-668	Minni-Akrar, Skagafirði	Hringur	13-053	117	132	111	120	18,8	10,3	7,5	28,0	3,9	17,2	143	
Bjarmi	13-408	Hauksstaðir, N-Múlasýsla	Dabbi	10-162	100	132	126	119	16,3	10,3	6,8	26,8	2,4	17,4	139	
Illur	12-532	Hróðnýjarstaðir, Dalasýslu	Svali	10-862	107	131	120	119	15,1	8,6	5,1	26,4	3,0	16,9	144	
Dreki	13-953	Hrifla, S-Þing.	Grábotni	06-833	100	125	133	119	15,8	9,9	5,5	30,0	2,5	17,8	141	
Spakur	14-150	Oddsstaðir, Borgarfirði	Kaldi	12-150	103	132	122	119	16,5	10,3	5,5	29,2	2,1	17,5	146	
Ullur	12-249	Brjánslækur, Barðaströnd	Tópas	11-240	107	96	154	119	18,7	10,1	7,3	31,0	3,1	17,5	147	
Askur	14-460	Syðra-Skörðugil, Skagafirði	Saumur	12-915	107	107	142	118	18,2	10,3	7,4	33,8	3,9	18,3	146	
Síldarkóngur	14-269	Gýgjarhólskot, Árnassýslu	Tenór	08-873	105	107	141	118	23,8	11,0	7,9	34,1	2,8	18,3	166	
Haffi	14-159	Syðri-Ingveldarstaðir, Skagafirði	Hlunkur	12-101	98	132	123	118	17,1	10,7	6,7	30,6	3,0	17,6	163	
Seðill	13-029	Brúnastaðir, Fljótum, Skagafirði	Myrkvi	10-905	99	119	133	117	16,1	9,2	5,6	29,5	2,2	17,3	138	
Ábati	13-538	Syðra-Skörðugil, Skagafirði	Fjalar	10-464	109	122	117	116	18,1	10,3	7,0	32,4	3,9	17,5	149	
Þráður	14-215	Brjánslækur, Barðaströnd	Ullur	12-249	115	108	125	116	19,8	10,4	7,1	29,8	3,4	17,8	145	
Jökull	13-332	Innri-Múli, Barðaströnd	Gullmoli	08-314	104	117	126	116	18,1	10,3	6,9	26,6	2,8	17,3	142	
Kláus	14-254	Garður, Þistilfirði, N-Þing.	Indriði Jóns	11-250	105	129	113	115	16,0	10,7	6,8	27,1	1,9	17,3	138	
Oddur	14-339	Miðdalsgröf, Strandasýslu	Dabbi	10-162	112	104	128	115	18,1	10,5	6,6	28,3	3,6	17,6	142	

Nafn	Númer	Bú	Faðir	Faðir nr.	Fallp.eink.	Kjötm.eink.	Eink. líflömb	Afkr.heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Moli	11-145	Heydalsá I, Strandasýslu	Barði	10-651	98	135	110	115	18,0	11,9	6,7	28,6	3,6	17,6	134
Spaði	13-114	Heydalsá I, Strandasýslu	Moli	11-145	104	117	123	114	18,5	10,7	6,3	29,4	3,8	17,8	136
Ylur	14-522	Hróðnýjarstaðir, Dalasýslu	Illur	12-532	99	122	122	114	14,6	8,4	5,1	26,1	2,6	16,9	148
	13-060	Staður, Reykhólasveit	Borkó	11-946	106	97	140	114	17,3	8,9	6,4	27,4	3,0	17,0	123
Þytur	14-219	Brjánslækur, Barðaströnd	Urgur	12-241	104	107	132	114	18,5	10,4	7,2	29,6	2,9	17,5	144
Grímur	14-955	Ytri-Skógar, Rangárvallasýslu	Lækur	13-928	91	127	124	114	16,7	11,3	6,5	30,0	2,1	17,9	157
Gústi	14-184	Ingjaldsstaðir, S-Þing.	Guðni	09-902	105	104	133	114	16,9	9,8	6,8	33,3	2,6	17,9	132
Óðinn	14-566	Hof, Örnevasveit, A-Skaft.	Saumur	12-915	99	115	127	114	15,5	9,5	6,1	28,9	2,4	17,8	155
Styggur	14-139	Steinnes, A-Hún.	Salamon	10-906	97	123	122	114	18,3	11,1	7,7	28,6	3,2	17,5	149
Vörður	14-091	Smáhamrar, Strandasýslu	Bingó	13-056	107	105	130	114	18,6	10,8	8,0	29,2	3,0	17,9	138
Draugur	14-349	Forsæludalur, A-Hún.	Jökull	13-343	104	116	121	113	18,1	9,5	6,4	28,3	3,2	17,2	154
Stólpi	13-787	Hjarðarfell, Snæfellsnesi	Klaki	11-772	96	128	116	113	17,0	9,9	5,7	29,0	2,6	17,3	145
Hrókur	11-134	Steinnes, A-Hún.	Hrói	07-836	110	109	121	113	19,2	10,4	7,4	28,6	3,2	17,5	146
Mjóður	14-165	Mýrar 2, Hrutafirði, V-Hún.	Þorsti	11-910	100	117	122	113	17,7	9,4	6,6	30,2	3,3	17,5	143
Mikki	14-243	Ríp, Skagafirði	Guffi	08-869	104	124	111	113	17,5	10,6	6,2	29,0	2,5	17,4	149
Goði	14-111	Tunga, Skagafirði	Guðni	09-902	100	109	130	113	17,1	9,8	7,0	28,8	2,9	17,5	132
Sérvaldi	14-721	Melar 3, Hrutafirði, Strandasýslu	Runni	11-014	106	116	117	113	17,0	9,2	6,4	27,8	3,6	16,9	134
Tindur	13-540	Kirkjubæjarklaustur, V-Skaft.	Jökull	07-844	94	117	128	113	16,2	9,5	5,4	29,1	2,4	17,4	140
Glói	14-402	Hauksstaðir, N-Múlasýsla	Bjarmi	13-408	117	107	115	113	17,6	10,3	7,6	27,3	3,6	17,7	140
Styggur	14-344	Forsæludalur, A-Hún.	Salamon	10-906	96	130	112	113	17,6	10,7	7,0	27,3	3,2	17,5	159
Ofsi	14-252	Skerðingsstaðir, Dalasýslu	Garri	11-908	99	131	107	113	16,8	10,3	6,7	27,2	3,1	16,9	140
R	14-109	Bassastaðir, Strandasýslu	Voði	13-943	108	109	121	113	19,6	11,4	8,1	28,7	4,4	17,8	148
Fans	13-246	Skerðingsstaðir, Dalasýslu	Hergill	08-870	102	124	110	112	17,0	10,9	7,4	27,9	3,7	17,2	148
Skuggi	14-187	Ingjaldsstaðir, S-Þing.	Myrkvi	10-905	108	117	110	112	17,3	9,8	6,4	31,7	2,6	17,7	137
Prúður	14-432	Klifmýri, Dalasýslu	Guffi	08-869	103	97	136	112	16,1	8,6	6,3	27,6	2,4	17,3	152
Ljúfur	14-666	Minni-Akrar, Skagafirði	Vindur	13-295	113	103	120	112	18,5	9,1	7,5	28,6	4,0	17,4	139
Korkur	14-425	Klifmýri, Dalasýslu	Barki	12-409	94	107	135	112	15,3	9,1	6,4	28,2	3,0	17,4	155
Strekkingur	14-166	Mýrar 2, Hrutafirði, V-Hún.	Kári	10-904	105	120	111	112	18,1	9,9	6,9	29,0	3,0	17,4	137

Nafn	Númer	Bú	Faðir	Faðir nr.	Fallþ.eink.	Kjötm.eink.	Eink. líflömb	Afkr.heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Garri	14-719	Melar 3, Hrótafirði, Strandasýslu	Garri	11-908	96	118	121	112	16,4	9,8	7,0	27,5	3,8	17,1	141
Draugur	12-144	Ysti-Hvammur, S-Þing.	Garpur	09-150	95	108	133	112	15,8	10,4	6,4	32,5	2,9	18,1	142
	14-011	Smyrlabjörg, A-Skaft.	Atgeir	12-156	102	97	135	111	15,4	9,0	6,7	28,9	2,7	17,5	148
Stapi	14-108	Bassastaðir, Strandasýslu	Víti	12-767	109	109	117	111	19,4	11,2	8,1	28,9	4,5	17,7	139
Tóti	14-059	Sölvabakki, A-Hún.	Trítill	11-074	100	111	124	111	15,7	9,3	5,7	27,7	3,4	17,7	128
Arður	14-197	Þorgautsstaðir II, Mýrarsýslu	Guffi	08-869	98	105	131	111	14,4	8,4	5,3	26,8	2,4	17,3	137
Börkur	13-952	Þóroddsstaðir, V-Hún.	Birkir	10-893	105	109	119	111	17,5	10,0	6,6	29,7	2,7	17,4	143
Kroppur	12-078	Smáhamrar, Strandasýslu	Ómur	11-075	97	102	135	111	17,6	9,5	6,7	29,9	3,2	17,7	139
Mikki	13-642	Minni-Akrar, Skagafirði	Guffi	08-869	95	110	127	111	16,6	9,3	7,0	28,9	3,5	17,3	136
Uxi	12-202	Brjánslækur, Barðaströnd	Dagur	11-034	108	113	112	111	18,8	10,3	6,8	28,8	3,2	17,2	142
Runni	11-014	Urriðaá, V-Hún.	Laufi	08-848	103	128	102	111	19,7	11,1	7,4	32,4	3,5	17,8	141
Málmur	11-254	Garður, Þistilfirði, N-Þing.	Kopar	10-257	107	106	119	111	16,0	10,2	7,1	27,8	2,0	17,3	136
Mikki	14-030	Hrifla, S-Þing.	Guffi	08-869	107	103	122	111	16,3	9,0	5,6	28,9	2,0	17,5	144
Kústur	14-033	Brúnastaðir, Fljótum, Skagafirði	Bursti	12-912	101	118	112	110	16,2	10,1	6,4	29,2	2,9	17,2	138
Gosi	13-538	Kirkjubæjarklaustur, V-Skaft.	Ás	09-877	108	120	103	110	17,1	10,1	5,7	28,5	2,8	17,4	141
Gösli	13-530	Hróðnýjarstaðir, Dalasýslu	Gaur	09-879	100	107	125	110	14,6	8,0	5,2	26,6	3,1	17,1	148
Putti	13-001	Haukhot, Árnassýslu	Patti	11-005	96	116	119	110	15,1	8,8	5,7	31,6	2,2	17,8	148
Þór	13-149	Ysti-Hvammur, S-Þing.	Ás	09-877	95	132	104	110	15,8	10,6	5,8	30,2	2,7	18,0	140
Sigurfari	14-303	Innri-Múli, Barðaströnd	Sigurfari	09-860	103	106	122	110	18,0	10,7	7,7	26,9	3,1	17,3	142

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Vesturland

Oddsstaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Spakur	14-150	Kaldi	12-150	102,8	132,4	121,9	119,0	16,5	10,3	5,5	29,2	2,1	17,5	146
Baldur	14-147	Þorsti	11-910	88,4	101,2	113,1	100,9	15,2	9,1	5,5	29,1	2,5	17,3	146
Glanni	13-149		12-149	98,8	98,9	104,4	100,7	16,1	9,0	5,6	28,5	2,3	17,3	149
Bylur	14-149	Snævar	10-875	101,2	93,8	101,0	98,7	16,3	9,2	5,9	28,8	2,7	17,2	149
Hanni	14-146	Þorsti	11-910	101,3	92,9	97,5	97,2	16,3	9,6	6,4	28,3	2,8	17,4	150
Þór	14-148	Ás	09-877	108,0	87,2	71,1	88,8	16,8	9,1	6,0	27,3	2,9	17,3	149
								16,2	9,3	5,8	28,4	2,6	17,3	148

Hér var eins og svo oft áður verulega mikið af fallegum lömbum í rannsókninni. Samt var það einn afkvæmahópur sem að öllu leyti skar sig feikilega mikið frá öðrum og er þar áreiðanlega um að ræða hrút sem full ástæða er til að fylgjast vel með fyrir stöðvarnar. Þetta voru lömbin undan Spak 14-150 en þau höfðu afgerandi yfirburði í öllum eiginleikum í rannsókninni nema þunga en hann var samt í góðu meðallagi. Lömbin voru frábærlega vel vöðvafyllt um leið og þau voru mjög fitulítill. Spakur er undan Kalda 12-950 sem flutti á stöð á síðasta hausti en móðurfaðir Spaks, Fengur 07-148 sem var á sínum tíma í hópi allra bestu kynbótahrúta í landinu en því miður með áhættuarfgerð. Ef aðrir ættliðir eru skoðaðir nánar eru þar í öllum sætum ýmsir af þekktustu stöðvarhrútum hvers tíma. Spakur er því tvímælalaust í hópi athyglisverðustu einstaklinganna úr rannsóknum haustsins.

Þorgautsstaðir 2

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Arður	14-197	Guffi	08-869	97,9	105,2	130,7	111,3	14,4	8,4	5,3	26,8	2,4	17,3	137
Klammi	13-193	Snær	07-867	99,0	102,4	126,4	109,3	14,5	8,3	5,3	26,8	2,3	17,0	133
Lykill	14-198	Garri	11-908	98,9	112,0	114,4	108,4	14,5	8,8	5,3	26,7	2,7	17,1	128
Mikki	14-196	Freyr	11-181	93,2	110,0	121,8	108,3	14,0	9,0	5,6	26,9	3,1	17,5	138
Dalur	14-151	Steri	07-855	101,4	93,9	71,6	89,0	14,8	8,3	5,6	24,3	3,0	16,9	134
Reykur	14-199	Kapall	13-122	100,0	92,9	72,9	88,6	14,6	8,5	5,9	24,8	3,7	17,2	137
Grímur	13-192	Strengur	09-891	109,5	88,5	64,7	87,6	15,6	8,3	6,0	24,8	3,7	16,9	128
								14,6	8,5	5,6	25,8	3	17,1	134

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Eins og oftast áður þá voru hrútarnir hér blanda af hyrndum og kollóttum hrútum. Enginn verulega eftirtektarverður hrútur kom með afkvæmahóp sem vekur sérstaka athygli. Hæsta heildareinkunn hlaut Arður 14-197 sem er sonur Guffa 08-869 og telur til Rafts 05-966 í móðurættina, en lömbin undan honum voru fremur jafnvel gerð. Sterkustu ræktunareinkennin voru líklega hjá afkvæmum Mikka 14-196 en hann er sonur Freys 11-181 sem þarna var notaður á síðustu árum og bætti fé á búinu verulega. Afkvæmi Mikka voru með langsterkustu læraholdin en ekki nógu væn. Almennt stóðu kollóttu hrútarnir ekki undir væntingum í þessari rannsókn.

Haukatunga syðri 2

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hrekkur	13-543	Hlekkur	10-513	101,4	114,9	107,5	107,9	17,1	10,4	5,6	29,0	2,1	17,3	157
Jóel	14-546	Saumur	12-915	97,9	103,4	116,7	106,0	16,8	10,3	6,0	29,9	2,7	17,7	157
Vinur	14-548	Garri	11-908	95,8	118,2	101,2	105,0	16,6	10,7	5,8	28,6	2,4	17,6	153
Korgur	14-500	Saumur	12-915	100,3	94,9	119,3	104,9	17,0	9,9	5,8	29,4	2,3	17,6	157
Kúði	14-549	Salamon	10-906	98,0	102,3	110,1	103,5	16,8	10,3	6,0	28,6	2,1	17,7	158
Ormur	14-501	Baugur	10-889	103,8	99,9	92,8	98,8	17,3	10,4	6,1	28,9	3,0	17,6	161
Stefnir	14-547	Gráni	13-542	108,5	92,4	88,4	96,4	17,7	10,5	6,5	28,4	2,7	17,6	160
Hringur	14-502	Garri	11-908	92,6	89,1	86,0	89,3	16,5	9,6	5,8	28,2	2,6	17,3	158
Gjafar	14-545	Moli	11-145	104,6	85,6	75,4	88,5	17,5	9,7	6,0	27,9	2,8	17,4	156
								17,0	10,2	5,9	28,8	2,5	17,5	158

Hér voru líkt og á síðustu árum ákaflega glæsileg lömb til skoðunar eins og allar tölur um rannsóknina sýna. Efstur í heildareinkunn var hópurinn undan Hrekk 13-543 og voru afkvæmi hans þroskamikil og ákaflega vel gerð og mjög fitulítill. Á síðasta ári átti Hrekkur einnig mjög góðan hóp í afkvæmarannsókn. Faðir Hrekks er Hlekkur 10-513 sem notaður var nokkur ár í Haukatungu og var þá til skoðunar sem stöðvarhrútur. Móðurfaðir Hrekks er Grábotni 06-833 sem hefur reynst vel hjá Ásbirni eins og á mörgum sterkustu ræktunarbúunum. Vinur 14-548 átti lömbin sem sýndu besta kjötmatið en skorti aðeins á þunga í samanburði við hina hópana. Vinur var sjálfur eitt glæsilegasta lamb á Snæfellsnesi haustið 2014. Hann er sonur Garra 11-908 en móðurætt hans úr ógnarsterkri ræktun á búinu. Þá eru þarna hópar með tveim sonum Saums 12-915 sem báðir áttu lömb með verulega góða gerð og sérlega sterk lærahold.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Hjarðarfell - líflambamælingar byggðar á hrútlömbum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stólpi	13-787	Klaki	11-772	95,6	128,2	116,0	113,3	17,0	9,9	5,7	29,0	2,6	17,3	145
Skalli	12-775	Snær	10-761	107,5	101,5	112,6	107,2	18,0	9,2	6,0	29,7	3,1	17,3	150
Serkur	13-783	Sindri	10-759	111,1	98,8	103,1	104,3	18,4	9,9	6,8	28,8	3,3	17,5	152
Hrauni	12-776	Þráður	07-742	100,8	91,4	118,7	103,6	17,4	10,2	7,3	30,0	3,4	17,7	145
Glanni	14-790	Foss	12-780	92,7	118,4	96,3	102,5	16,7	10,2	6,3	27,5	2,7	17,4	150
Sómi	14-788	Baugur	10-889	102,3	102,0	98,1	100,8	17,5	9,5	6,3	27,7	2,8	17,5	154
Fláki	14-791	Hrauni	12-776	91,2	108,7	97,8	99,2	16,6	9,4	5,9	27,5	2,4	17,4	147
Bangsi	12-778	Vafi	09-510	101,3	108,3	84,7	98,1	17,4	10,1	6,6	26,9	2,5	17,3	147
Straumur	12-781	Klaki	11-772	102,5	83,4	93,9	93,3	17,5	9,3	6,7	28,2	2,7	17,2	144
Smári	14-792	Stólpi	13-787	96,9	72,1	103,9	91,0	17,1	9,2	7,0	29,0	2,8	17,2	142
Snarfari	14-789	Sigurfari	09-860	100,9	86,4	68,6	85,3	17,4	9,4	6,8	27,1	3,3	17,0	146
								17,3	9,7	6,5	28,3	2,8	17,3	147

Hjarðarfell - líflambamælingar á byggðar á gimbrum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stólpi	13-787	Klaki	11-772	95,6	128,2	107,1	110,3	17,0	9,9	5,7	29,3	3,1	17,4	145
Skalli	12-775	Snær	10-761	107,5	101,5	109,2	106,1	18,0	9,2	6,0	28,7	2,6	17,3	150
Bangsi	12-778	Vafi	09-510	101,3	108,3	107,9	105,9	17,4	10,1	6,6	29,4	3,2	17,3	147
Sómi	14-788	Baugur	10-889	102,3	102,0	111,2	105,1	17,5	9,5	6,3	28,9	2,8	17,4	154
Glanni	14-790	Foss	12-780	92,7	118,4	102,3	104,4	16,7	10,2	6,3	28,2	2,8	17,6	150
Serkur	13-941	Sindri	10-759	111,1	98,8	102,6	104,2	18,4	9,9	6,8	28,1	2,8	17,6	152
Hrauni	12-948	Þráður	07-742	100,8	91,4	99,3	97,1	17,4	10,2	7,3	28,8	3,1	17,3	145
Fláki	14-791	Hrauni	12-948	91,2	108,7	81,5	93,8	16,6	9,4	5,9	26,3	2,4	17,3	147
Snarfari	14-789	Sigurfari	09-860	100,9	86,4	88,3	91,9	17,4	9,4	6,8	27,9	3,0	17,3	146
Straumur	12-781	Klaki	11-772	102,5	83,4	87,8	91,2	17,5	9,3	6,7	28,6	3,1	17,2	144
Smári	14-792	Stólpi	13-787	96,9	72,1	101,1	90,0	17,1	9,2	7,0	28,7	2,8	17,1	142
								17,3	9,7	6,5	28,5	2,9	17,3	147

Á Hjarðarfelli var afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar. Ekki náðust aðkomuhrútar með í þessa rannsókn en í sigtinu voru spennandi heimahrútar. Efstur stóð Stólpi 13-787 en við hann voru bundnar vonir þar sem hann hafði staðið efstur árið áður á Hjarðarfelli og kominn af öflugum meiði. Faðir hans, Klaki 11-772, hafði verið í sigtinu sem stöðvarhrútur en entist ekki aldur til að þjóna þar. Móðir Stólpa er ein mesta afurðarær Hjarðarfellsbúsins, dóttir Laufa 08-848. Þessi hrútur gekk ekki heill til skógar í haust og var því ekki tekinn inn á stöð. Næstur í röðinni kemur fullorðinn kollóttur hrútur, Skalli 12-775, sem er að skila þroskamiklum lömbum líkt og kom einnig fram í afkvæmarannsókninni 2014 en ekki nægilega sterkur m.t.t. gerðar. Þá koma þeir Serkur 13-783 (13-941) og Hrauni 12-776 (12-948). Þessir kappar voru valdir til notkunar á sæðingastöðvunum í haust og má því vísa í umfjöllun um þá í Hrutaskránni. Glanni 14-790 er

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2015

efstur veturgömlu hrútanna í þessum samanburði. Hann skilar góðri flokkun sláturlamba en er aðeins undir búsméðaltali hvað varðar fallþunga og bakvöðvaþykkt. Faðir hans er Foss 12-780, sonur Klaka 11-772 og var sá hrútur geysilega álitlegur og stóð efstur í afkvæmarannsókn á Hjarðarfellsbúinu 2013 en líkt og með fleiri efnilegar stórstjörnur varð hann of skammlífur.

Hróðnýjarstaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Illur	12-532	Svali	10-862	107,3	130,5	120,0	119,3	15,1	8,6	5,1	26,4	3,0	16,9	144
Ylur	14-522	Illur	12-532	99,2	122,2	121,8	114,4	14,6	8,4	5,1	26,1	2,6	16,9	148
Gösli	13-530	Gaur	09-879	99,5	107,0	124,6	110,4	14,6	8,0	5,2	26,6	3,1	17,1	148
Grettir	14-521	Gassi	13-520	104,7	100,2	123,1	109,3	15,1	8,3	5,8	27,0	2,9	17,1	153
Glotti	13-522	Gaur	09-879	98,4	109,6	101,8	103,3	14,5	7,8	5,0	25,5	2,9	16,8	147
Krókur	14-523			111,9	96,4	98,4	102,2	15,7	8,5	6,1	25,8	3,5	17,1	143
Gráfeldur	12-524	Svali	10-862	101,6	93,7	97,8	97,7	14,8	8,0	5,7	26,0	3,4	16,8	148
Hnappur	13-529	Grámann	10-884	101,7	94,9	94,7	97,1	14,8	8,2	5,8	25,3	3,4	17,0	156
Grikkur	13-521	Gaur	09-879	88,8	96,4	93,9	93,0	13,9	7,9	5,5	24,7	2,9	16,9	150
Klaki	13-524	Kvistur	07-866	104,1	85,4	85,5	91,7	14,9	8,0	6,0	24,9	3,2	16,8	144
Laukur	12-531	Ljúfur	08-859	103	93,1	78,0	91,4	14,9	7,9	5,6	24,9	3,6	16,9	146
Gassi	13-520	Gaur	09-879	88,8	91,7	87,3	89,3	13,8	7,4	5,3	25,3	3,5	16,8	158
Haukur	14-520	Hoffmann	13-526	93,7	79,3	84,8	85,9	14,1	7,3	5,6	25,2	3,4	16,6	160
Glúmur	14-524	Gösli	13-530	96,5	70,3	62,2	76,3	14,2	7,2	6,2	23,6	3,7	16,8	165
								14,6	8,0	5,5	25,7	3,2	16,9	150

Hér var stór afkvæmarannsókn í talsvert blönduðu fé en það voru hópar undan feðgum sem þarna vöktu langmesta athygli en báðir eru þeir kollóttir. Illur 12-532 stóð efstur í heildareinkunn en afkvæmi hans sýndu verulega yfirburði í þroska og vöðvafyllingu. Skörungur þessi er sonur Svala 10-862 sem aldrei átti marga afkomendur en allnokkra verulega athyglisverða en að Illi í móðurætt kemur hyrnt fé þar sem móðurföðurfaðir hans er Týr 02-929. Sonur Ills, Ylur 14-522 átti ekki síður skoðunarverðan afkvæmahóp af vel gerðum og vöðvafylltum lömbum en sjálfur var Ylur eitt allra glæsilegasta kollótta hrútlambið í sýslunni þegar hann var á þeim aldri og hefur hann staðið vel undir þeim væntingum sem þá voru bundnar við hann. Móðurfaðir Yls er Spakur 03-976 og er Ylur áreiðanlega hrútur sem ástæða er til að fylgjast með.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Klifmýri

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Prúður	14-432	Guffi	08-869	102,7	97,0	136,2	112,0	16,1	8,6	6,3	27,6	2,4	17,3	152
Korkur	14-425	Barki	12-409	93,8	107,4	134,6	111,9	15,3	9,1	6,4	28,2	3,0	17,4	155
Vindur	14-433	Kári	10-904	100,7	107,8	105,8	104,8	15,9	8,7	6,0	26,3	2,3	17,0	150
Skalli	14-435	Barki	12-409	96,1	110,9	99,1	102,0	15,5	8,5	5,7	25,4	2,2	16,9	154
Þróttur	14-427	Guðni	09-902	102,6	91,5	100,2	98,1	16,1	8,1	5,9	26,3	2,5	16,9	151
Galti	14-430	Ás	09-877	105,4	99,3	81,1	95,3	16,4	9,3	6,9	24,8	2,8	17,0	153
Draugur	14-429	Guffi	08-869	103,9	104,4	69,1	92,4	16,1	9,3	6,7	25,7	4,1	17,2	152
Galdur	14-431	Grámann	10-884	93,4	105,2	73,8	90,8	15,3	8,4	5,8	24,7	2,6	16,9	156
Tindur	14-428	Gumi	09-880	99,5	82,0	83,5	88,3	15,8	8,3	6,5	26,0	3,1	17,0	151
								15,9	8,7	6,2	26,3	2,7	17,1	152

Þetta er eitt af fjárflestu búum landsins og þar hefur verið unnið gott ræktunarstarf um áratuga skeið. Afkvæmarannsóknin nú taldi heldur færri afkvæmahópa en oft hefur verið en mikið af athyglisverðu eins og ávallt. Hér skal aðeins frekar vikið að tveim afkvæmahópum. Prúður 14-432 var kommubroti hæstur í heildareinkunn en hann var að gefa ágætlega þroskuð lömb. Hrútur þessi er sonur Guffa 08-869 en móðurfaðir hans er Laufi 08-848 þannig að vart er að vænta toppfágunar í gerð en ætternið gefur vonir um frábæran alhliða kynbótahrút. Korkur 14-425 var tvímælalaust að skila langbestu gerð lambanna í rannsókninni en þungaeinkunn dró heildareinkunn verulega niður en þá ber það að skoða að meginhluti lambanna voru gemlingslömb og þegar slík frávik eru má vænta þess að veruleg frávik geti orðið frá því að réttar þungaleiðréttingar fáiast. Korkur er undan Barka 12-409 sem einnig á annan ágætan son í rannsókninni en Barki er sonur Sokka 07-835 en að öðru leyti eru margir góðir kynbótahrútar fyrri ára á Klifmýri í ættartrénu.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Skerðingsstaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ofsi	14-252	Garri	11-908	99,1	131,4	107,2	112,6	16,8	10,3	6,7	27,2	3,1	16,9	140
Fans	13-246	Hergill	08-870	101,6	124,3	110,4	112,1	17,0	10,9	7,4	27,9	3,7	17,2	148
Garður	14-253	Ás	09-877	96,5	105,4	97,5	99,8	16,5	8,8	6,1	26,1	2,9	16,9	143
Búkur	14-258	Kroppur	10-890	109,0	87,5	97,4	98,0	17,6	9,5	7,5	26,4	3,4	17,4	146
Kuggur	14-254	Fans	13-246	93,3	89,8	107,9	97,0	16,3	8,8	6,6	27,3	3,3	17,1	147
Krummi	14-257	Grámann	10-884	102,9	90,6	82,4	92,0	17,1	9,4	7,3	25,5	2,8	16,9	148
Gandálfur	14-251	Guðni	09-902	98,3	66,5	99,7	88,2	16,7	7,7	6,7	27,3	3,2	16,8	154
								16,8	9,4	6,9	26,8	3,2	17,0	146

Í þessari rannsókn var mikið af mjög fallegum lömbum. Tveir afkvæmahópanna sópuðu samt til sín öllum yfirburðum og eru hvor öðrum athyglisverðari. Ofsi 14-252 stóð þar feti framar en afkvæmi hans voru frábærlega gerð og lítil fita til viðbótar hinum þykku vöðvum gefa honum forskotið. Ofsi er feikilega sterkættaður en hér kemur enn einn toppanna undan Garra 11-908 og móðurfaðir hans er Púki 06-807 og litlu lengra að baki á móðurhlið er stórmennið Ylur 05-151 í Magnússkógum. Fans 13-246 er ekki síður að gefa mikla vöðvafyllingu og betri lærahold en Ofsi en lömbin aðeins feitari eins og ætternið segir til um. Hann er sonur Hergils 08-870 og móðurföðurfaðir hans Bifur 06-994 en hvorugur þessara ættfeðra féllu í flokk fituleysishrúta eins og flestir ættfeður Ofsa gerðu aftur á móti.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2015

Vestfirðir

Árbær

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Nagli	14-036	Spotti	13-942	94,5	117,2	118,1	109,9	17,8	10,8	6,7	28,5	3,7	17,8	146
Loki	14-035	Bætir	13-026	100,1	115,8	109,4	108,4	18,4	11,2	7,3	27,6	3,3	17,7	145
Styggur	14-038	Kubbur	10-030	135,1	89,1	80,4	101,5	22,8	11,5	9,4	27,0	3,9	17,3	148
Gormur	13-029	Hnokki	12-047	96,3	109,9	93,3	99,9	18,2	10,7	7,1	27,7	4,0	17,6	145
Melur	14-034	Sproti	12-936	106,8	88,8	103,2	99,6	19,1	10,4	7,7	27,3	3,3	17,6	144
Hnokki	12-047	Dofri	11-037	87,6	87,6	118,9	98,0	17,5	10,7	7,7	28,3	3,6	17,5	144
Heydal	14-033	Drangur	13-111	93,6	97,5	96,9	96,0	17,9	9,8	6,5	27,3	3,3	17,3	146
Töfri	12-045	Dagur	11-034	98,3	93,0	53,7	81,7	18,2	9,9	6,9	25,4	4,0	17,1	137
								18,4	10,6	7,3	27,6	3,6	17,5	144

Hér er umfangsmikil rannsókn miðað við stærð búsins á einu grónasta ræktunarbúi í landinu fyrir kollótta féð. Þarna eru í raun allir hrútarnir að skila frábærum afkvæmum og ánægjulegt að sjá að yngstu hrútarnir skáka þeim eldri og reyndari alveg, þannig að lítið lát er á ræktunarförum í þessu fé. Hins vegar verður aðeins erfiðara að lesa nákvæmlega úr niðurstöðum efstu hrútanna vegna þess hve notkun þeirra er samþætt aldri mæðra lambanna. Í heildina er aðeins sjónarmunur á afkvæmahópunum undan þeim frændum Nagla 14-034 og Loka 14-035. Lambahóparnir undan þeim báðum samkvæmt tölum frábærir. Nagli hefur sjónarmuns vinning vegna aðeins meiri læraholda lambanna og heldur minni fitu. Afkvæmi hans áttu mæður, ær á breytilegum aldri. Loki á hinsvegar öllu fleiri afkvæmi haustið 2015 en hinir hrútarnir sem hér er fjallað um. Lömbin undan honum voru einstök að gerð og með ólíkindum hve mörg þeirra komu til ásetnings bæði á heimabúi og í lambasölu. Það ber að taka fram að mæður lambanna undan Loka voru allar tvævetlur. Eins og áður segir þá er hrútarnir mjög skyldir þar sem feður þeirra voru tvílembingsbræður en Nagli er sonur Spotta 13-942 og Loki sonur Bætis 13-026. Þegar er ljóst að þessir bræður voru báðir einstakar kynbótakindur og Bætir sem því miður drapst strax lambsveturinn sínum öflugri. Móðurfaðir Nagla er Hlekkur 07-039 sem þarna hefur reynst frábær kynbótahrútur og lengra í móðurligg Galsi 06-033 sem ekki var þá síður þekktur hrútafaðir. Móðurfaðir Loka er hins vegar Strengur 09-891 sem bændur um allt land þekkja vel til afkvæma hans. Þriðji hópurinn sem ástæða er til að vekja athygli á eru lömbin undan Stygg 14-038 en öll lömb undan honum voru gemlingslömb. Þau eru í raun ekki samanburðarhæf við aðra hópa vegna þess hve vænleiki þeirra er með ólíkindum. Vegna þess verður fitumat lambanna undan honum með öllu ósamanburðarhæft við hina afkvæmahópuna en Styggi verulegur fjötur um fót þegar kemur að endanlegum heildarútreikningi eins og taflan sýnir. Styggur er undan Kubbi 10-030 og

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

móðurfaðir hans Steri 07-855 sem á sinni tíð fæddist í Árbæ. Ástæða er til að benda á að líklega er Árbæjarféð í dag sterkara Kirkjubólshreppsættar en fé á nokkru búi í því gamla sveitarfélagi.

Brjánslækur

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallp.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallp.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ullur	12-249	Tópas	11-240	106,6	96,0	154,0	118,9	18,7	10,1	7,3	31,0	3,1	17,5	147
Þráður	14-215	Ullur	12-249	114,7	107,7	124,9	115,8	19,8	10,4	7,1	29,8	3,4	17,8	145
Þytur	14-219	Urgur	12-241	103,6	106,5	132,2	114,1	18,5	10,4	7,2	29,6	2,9	17,5	144
Uxi	12-202	Dagur	11-034	107,6	113,4	112,2	111,1	18,8	10,3	6,8	28,8	3,2	17,2	142
Þver	14-226	Gormur	12-778	110,8	100,9	113,5	108,4	19,3	10,1	7,1	28,6	3,2	17,6	147
Þróttur	14-216	Úlli	12-246	105,0	102,2	117,6	108,2	18,6	10,2	7,1	30,2	3,7	17,1	142
Völlur	13-214	Úrsus	12-245	105,8	115,6	100,1	107,2	18,6	10,2	6,7	28,7	3,6	17,4	141
Urgur	12-241	Dagur	11-034	105,4	104,8	109,8	106,7	18,7	9,9	6,8	28,9	3,4	17,4	141
Þengill	14-218	Væskill	13-206	94,7	101,6	122,4	106,2	17,6	10,1	7,0	30,3	4,2	17,7	145
Þrándur	14-217	Vöndur	13-209	113,6	100,2	102,3	105,4	19,5	11,2	8,3	28,4	3,2	17,1	143
Valur	13-211	Tópas	11-240	103,7	109,3	94,6	102,6	18,4	10,0	6,7	28,0	3,4	17,4	139
Þöngull	14-223	Steðji	12-761	107,5	97,3	100,3	101,7	18,8	10,0	7,2	28,5	3,7	17,5	145
Þorskur	14-225	Faldur	11-933	90,4	98,2	114,0	100,9	17,2	10,3	7,3	29,7	3,8	17,3	134
Ugluspegill	12-242	Skari	10-228	105,5	117,8	79,4	100,9	18,5	9,9	6,3	27,7	3,7	17,1	137
Þrasi	14-224	Straumur	11-696	113,2	90,3	87,2	96,9	19,3	10,5	7,9	28,4	4,2	17,5	148
Úlfur	12-248	Ljúfur	08-859	97,2	112,2	79,4	96,3	17,9	10,1	6,6	27,3	3,7	17,4	148
Víglundur	13-212	Roði	09-216	96,8	108,6	82,7	96,0	17,9	10,0	6,7	28,5	4,5	17,3	139
Þokki	14-220	Uggi	12-250	83,4	103,4	99,4	95,4	16,7	9,4	6,2	28,1	3,4	17,2	136
Tryggur	11-239	Limbó	04-212	86,6	106,8	88,2	93,9	17,1	9,8	6,5	29,3	4,4	17,2	134
Vöndur	13-209	Tittur	11-236	88,8	96,1	85,9	90,3	17,0	9,9	7,0	27,9	4,1	17,3	139
Trassi	11-237	Prins	08-209	91,8	78,7	94,7	88,4	17,6	9,3	7,0	28,3	3,7	17,2	137
Vilberg	13-207	Toppur	11-232	90,7	87,3	80,1	86,0	17,5	9,6	7,1	27,2	3,6	17,2	141
Umbi	12-247	Sigurfari	09-860	100,8	78,1	77,9	85,6	18,2	9,5	7,3	28,3	4,0	17,1	140
Ver	13-213	Úlfur	12-248	89,5	79,3	87,4	85,4	17,4	9,3	7,0	28,8	4,2	17,3	140
								18,1	10,0	7,0	28,7	3,7	17,3	141

Hér er ein glæsilegasta afkvæmarannsókn haustsins og umfang hennar meira en nær allra annarra haustið 2015. Glæsileiki og vænleiki lambanna eins og oft áður mikill. Hér skal örstutt fjallað um nokkra af hópnum, sem efstir stóðu í rannsókninni. Ullur 12-249 átti lömb sem sýndu feikilega yfirburði í bakvöðvamælingum og voru að öllu leyti vel gerð og þroskamikil. Hrutur þessi er úr heimaræktuninni, móðurfaðir hans Pondus 08-204 var að vísu fenginn frá Árbæ og hann er einnig að finna í föðurættinni. Undan Ulli var meiri ásetningur en undan nokkrum hinna hrútanna, sem

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2015

hér koma til umfjöllunar. Síðust tvö árin áður hafði Ullur einnig skipað toppsæti í rannsókn á búinu. Nafnið gæti gefið vísbendingar um mikil ullargæði en því er öfugt farið því að varðandi þann eiginleika er hann hvað lakastur Brjánslækjarhrútanna. Í öðru sætinu kemur síðan sonur hans Þráður 14-215 og voru afkvæmi hans um margt enn glæsilegri en hjá föður hans sérstaklega lærahold sem eru afbragðsgóð. Þessi lömb voru mörg ótrúlega þroskamikil og nokkur gríðarvæn sláturlömb undan honum féllu í 3+ í fitumati. Þráður var sjálfur settur á á síðasta ári sem ákaflega glæsilegt gemlingslamb. Feikilega glæsilegur og jafn lambahópur kom þarna til skoðunar undan þyti 14-219. Þytur er sonur Urgs 11-241, sem er frá Árbæ og hefur verið í hópi öflugustu hrúta búsins síðustu ár. Að lokum skal getið hóps undan Uxa 12-202 en einkenni lamba hans í samanburði er góður þroski og mjög lítil fita en lömb ögn breytilegri að gerð undan honum en hinum hrútunum sem fjallað hefur verið um. Uxi er fenginn frá Árbæ sonur Dags 11-034 sem þar hefur gert garðinn frægan síðari ár.

Greinilegt er að Grettistaki hefur verið lyft í fjárræktinni hér á síðustu árum. Nú er greinilegt að á stóru búunum á Barðaströndinni hér og í Innri-Múla er að koma fram fjárstofn sem fer að verða ákaflega áhugaverður fyrir sæðingastöðvarnar vegna þess að þarna hyllir loks undir kollótta úrvalshrúta sem áreiðanlega fer að verða áhugavert fyrir Strandamenn að leita í til kynbóta en þar hefur verið fátt um fína drætti fyrir þá um alltof langan tíma nema úrvalshrúta frá Strandamönnum sjálfum. Grunnur þessa fjár á Barðaströndinni er að sjálfsgöðu allur sóttur á Strandir en sérstaklega hefur féð á Brjánslæk verið ræktað með úrvali í heimafé ef undan eru skyldir nokkrir úrvalshrútar frá Árbæ. Fyrst sá ég hrúta á Brjánslæk fljótt eftir fjárskiptin á níunda áratugnum og var það tæplega verulega heillandi hópur. Minnir mig (JVJ) að þetta fjárskiptafé hafi að mestu komið úr gamla Fellshreppnum og voru hrútarnir jötunvænir drellar, verulega grófbyggðir. Fyrstu aðfengnu hrútarnir sem höfðu mótandi ræktunaráhrif komu frá Brimilsvöllum á Snæfellsnesi undir lok fjárbúskapar þar. Um aldamótin voru margir afbragðsgóðir kynbótahrútar keyptir að Brjánslæk af Ströndum, bæði úr Árneshreppi og Steingrímsfjarðarhólfinu. Úr þessum grunni hefur síðan verið unnin mjög góð ræktun á rúmum áratug án teljandi innblöndunar nema frá Árbæ.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Grænuhlíð, Arnarfirði														
Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Steinar	11-569	Planki	08-220	112,3	112,3	121,8	115,5	19,6	10,7	8,0	28,9	3,7	17,4	135,5
Tinni	14-547	Mjólki	12-558	109,0	106,3	130,5	115,3	19,6	10,9	8,3	29,6	4,2	17,7	140,7
Steini	14-550	Gutti	12-030	108,1	129,2	104,4	113,9	19,4	11,0	7,5	28,8	4,2	17,4	140,4
Tanni	14-542	Dofri	13-534	85,9	115,2	125,8	109,0	17,8	9,8	7,1	28,8	3,9	17,5	140,3
Tígri	14-543	Mjólki	12-558	114,6	91,1	117,1	107,6	20,0	10,5	8,5	29,3	4,2	17,6	136,2
Tolli	14-549	Ernir	12-555	101,4	116,9	98,1	105,5	18,8	10,5	7,6	28,0	4,3	17,7	138,9
Tindur	14-544	Víðir	12-401	88,3	111,0	116,9	105,4	17,6	10,0	7,4	29,0	4,1	17,5	136,8
Lás	09-407	Ás	07-406	114,6	103,2	89,3	102,3	20,4	10,7	8,2	28,0	4,7	17,6	140,1
Tási	14-551	Elvis	12-557	102,1	84,4	104,9	97,2	18,9	9,5	7,9	28,3	4,0	17,4	137,8
Tómas	14-546	Eðall	12-551	99,4	100,3	88,6	96,1	18,6	9,8	7,6	27,1	4,0	17,3	136,1
Kraftur	10-562	Raftur	05-966	92,6	115,4	79,6	95,8	18,0	9,7	6,9	27,9	4,8	17,4	136,5
Mjólki	12-558	Laukur	08-217	100,0	85,3	100,2	95,2	18,7	9,6	7,8	28,0	4,2	17,5	137,5
Daði	13-537	Bylur	11-568	95,6	98,1	82,6	92,1	18,3	9,8	7,6	27,1	4,1	17,3	134,5
Draugur	13-541	Gummi	10-564	98,6	83,3	84,9	89,0	18,6	9,8	8,1	27,1	4,3	17,4	139,5
Drusli	13-533	Steinar	11-569	93,7	93,4	55,5	80,9	18,1	9,5	7,5	25,9	4,7	17,0	136,4
Tarzan	14-553	Mjólki	12-558	95,9	57,0	79,0	77,3	18,3	8,5	7,9	26,9	4,4	17,4	136,7
Dabbi	13-538			94,5	66,0	66,5	75,7	18,2	8,8	7,8	26,4	4,3	17,4	139,3
								18,7	9,9	7,7	28,1	4,2	17,5	137,9

Í Grænuhlíð var umfangsmikil og glæsileg afkvæmarannsókn þar sem vænleiki afkvæmahópanna er almennt ákaflega góður. Í þessum samanburði eru 9 veturgamlir hrútar. Efstur er samt fullorðin hrútur, Steinar 11-569, en hann fenginn úr fjarræktinni í Mjólkárviðkjú og er sonarsonur Rafts 05-966. Hann kemur vel út úr öllum þáttum afkvæmarannsóknarinnar. Þessi hrútur vakti einnig athygli í afkvæmarannsókninni í fyrra fyrir góða gerð hjá afkvæmum. Næstir koma nokkrir athyglisverðir veturgamlir hrútar. Fyrstan skal nefna Tinna 14-547 sem á mjög vænan hóp, vel gerðan með þykkan bakvöðva. Hann er sonur Mjólka 12-558 frá Mjólkárviðkjú en sá hrútur stóð efstur í afkvæmarannsókninni í 2014 og á hér þrjá syni. Steini 14-550 vekur hér athygli fyrir glæsilegar kjötmatsniðurstöður og er hæstur í þessum samanburði fyrir kjötmatshlutann. Steini kemur einnig frá Mjólkárviðkjú og er sonarsonur Gosa 09-850. Þá má nefna annan son Mjólka 12-558 sem heitir Tígri 14-543. Sá hrútur á ákaflega þroskamikil lömb og þrýðilega gerð lömb.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Innri-Múli

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Krapi	13-940	Gullmoli	08-314	106,7	155,8	137,5	133,3	18,3	11,4	6,4	26,5	2,8	17,4	137,9
Jökull	13-332	Gullmoli	08-314	104,0	117,1	126,2	115,8	18,1	10,3	6,9	26,6	2,8	17,3	141,7
Sigurfari	14-303	Sigurfari	09-860	102,8	105,9	122,1	110,2	18,0	10,7	7,7	26,9	3,1	17,3	142,0
Dabbi	12-302	Dabbi	10-162	97,7	109,5	116,3	107,9	17,5	10,8	7,6	26,0	3,1	17,2	140,5
Sómi	14-304	Svalur	13-051	97,1	111,0	114,1	107,4	17,4	10,5	7,2	27,0	4,0	17,7	145,2
Roði	14-302	Stinni	11-157	104,4	89,4	123,1	105,6	18,1	10,3	8,0	26,3	3,0	17,3	146,3
Hylur	14-308	Krapi	13-940	99,3	102,0	110,7	104,0	17,6	9,9	7,0	26,0	3,4	17,6	139,9
Massi	13-345	Hreggur	09-315	109,7	110,3	89,4	103,1	18,5	10,6	7,5	24,9	3,3	17,2	145,8
Svarbotni	13-330	Hreggur	09-315	104,1	93,7	103,2	100,4	18,2	9,8	7,4	25,4	3,0	17,1	141,3
Klatti	12-310	Hreggur	09-315	112,4	95,5	89,8	99,3	18,7	10,4	7,9	24,4	3,1	17,0	142,2
Þristur	12-303	Hreggur	09-315	103,5	108,1	80,9	97,5	18,0	10,1	7,0	24,7	3,6	16,9	143,6
Hnöttur	13-344	Segull	08-315	95,3	100,8	91,9	96,0	17,3	10,4	7,5	25,8	4,0	17,1	138,3
Mávur	13-337		12-318	104,1	96,7	81,9	94,2	18,1	10,0	7,4	24,9	3,6	17,0	144,5
Baldur	12-317	Ægir	09-314	91,5	88,6	101,9	94,0	17,0	9,9	7,5	24,8	3,1	17,2	136,0
Vöðvi	11-345	Stapi	09-317	94,0	92,8	74,0	86,9	17,2	9,9	7,3	24,1	3,3	16,9	135,7
Butter	11-348	Ljúfur	10-327	81,5	89,8	80,5	83,9	16,2	9,0	6,4	24,9	3,7	17,0	141,8
Lómur	14-307	Jóakim	13-341	99,1	52,2	58,3	69,9	17,6	8,5	7,4	23,4	3,3	16,7	142,2
								17,7	10,1	7,3	25,4	3,3	17,2	141,2

Á Innri-Múla á Barðarströnd var stærðar afkvæmarannsókn. Þar stendur efstur Krapi 13-940 sem valinn var inn á sæðingastöðvarnar síðasta sumar og miklar vonir bundnar við. Staðfestast hér yfirburðir hans fram yfri aðra hrúta á heimabúinu. Jökull 13-332, hálfbróðir Krapa undan Gullmola 08-314, er annar í röðinni og raðast því tveir efstu hrútar með sama hætti og haustið 2014. Efstur af veturgömlu hrútunum er Sigurfari 14-303 sem er kaupahrútur frá Smáhömrum. Hann hefur átt fallegan hóp þó fitumat í sláturhúsi sé í hærri kanntinum. Annar veturgamall hrútur sem einnig vekur athygli er Sómi 14-304. Lífgimbrarnar undan honum hafa verið óhemju holdfylltar, en þessi hópur er með þykkasta bakvöðvann og mestu fituna yfir bakvöðvanum af öllum afkvæmahópunum. Sómi 14-304 er einnig kaupahrútur frá Smáhömrum og af svipuðum meiði og Sigurfari 14-303, en Sigurfari 09-860 er móðurfaðir hans. Faðir hans er hinsvegar Svalur 13-051 sem umgetur í umfjöllun um afkvæmarannsóknina á Smáhömrum.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Ketilseyri, Dýrafirði														
Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Frosti	14-052	Guðni	09-902	109	131	127	122,1	18,2	11,6	7,8	29,9	3,4	17,4	128
Loki	12-069	Sokki	07-835	88	120	124	111,0	16,5	10,3	6,7	28,6	3,3	17,8	131
Bassador	14-064	Konsúll	13-054	104	103	109	105,0	17,8	10,4	7,7	27,0	3,0	17,6	136
Feykir	14-055	Prúður	11-896	102	122	86	103,5	17,6	10,7	7,1	26,6	3,3	17,3	134
Prúður	13-059	Teningur	11-051	94	104	108	101,7	17,0	9,8	6,9	27,7	3,4	17,5	130
Hnikill	12-068	Hergill	08-870	84	100	118	100,5	16,2	10,0	7,1	28,4	3,4	17,8	133
Móri	13-051	MÁSI	11-112	101	96	98	98,5	17,5	10,0	7,5	27,0	3,2	17,4	132
Freri	14-060	Steri	07-855	117	89	84	96,4	19,0	9,9	8,0	27,3	4,0	17,6	135
Sópur	14-061	Bursti	12-912	101	87	100	96,1	17,5	9,3	7,2	27,7	3,8	17,6	133
Kústur	14-062	Bursti	12-912	99	99	88	95,1	17,2	9,5	6,8	27,3	3,9	17,3	135
Hringur	14-053	Baugur	10-889	111	77	88	92,3	18,5	9,0	7,5	27,6	3,9	17,3	133
Spennir	12-062	Grákollu	07-062	110	59	63	77,4	18,4	8,1	7,3	25,1	3,3	17,1	132
								17,4	9,9	7,2	27,5	3,5	17,5	132

Á Ketilseyri var stór afkvæmarannsókn. Ánægjulegt er að sjá að meirihluti hrútanna í þessum samanburði eru veturgamlir en þeir eru 7 á móti 5 eldri hrútum. Hér er einn hrútur sem sýnir verulega yfirburði, en það er Frosti 14-052. Hann er sonur Guðna 09-902 frá Mýrum og í móðurætt má rekja ættir hans til Tengils 05-830 frá Brekku og Bifurs 06-994 frá Hesti. Lömbin undan Frosta virðast bráðþroska, en afkvæmi hans sýna vænleika vel yfir búsméðaltali þrátt fyrir að vera yngsti afkvæmahópurinn. Hér eru fádæma yfirburðir hvað varðar holdsöfnun. Og þrátt fyrir að fitueinkunnin sé jafnframt sú hæsta, þá er hlutfall gerðar- og fitueinkunnar mjög hagstætt eða 1,49. Sokkasonurinn Loki 12-069 sýnir líkt og áður að hann gefur góða gerð, sérstaklega öflug lærhold og litla fitu en gefur léttara en aðrir hrútar á búinu. Feykir 14-055 er efnilegur hrútur m.t.t. til holdfyllingar en sá ljóður er á afkvæmum hans að bakvöðvi þeirra er full þunnur líkt og oft var galli hjá afkvæmum föður hans, Prúðs 11-896. Mest útslag í þunga gerir kollóttur hrútur, Freri 14-060 undan Stera 07-855 en þar er gerðinni ábótavant.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Staður, Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	13-060	Borkó	11-946	106,4	96,9	139,5	114,2	17,3	8,9	6,4	27,4	3,0	17,0	123
	14-064	Hnokki	12-047	107,1	115,1	106,4	109,6	17,3	9,9	6,7	26,0	3,8	16,9	125
Gustur	11-064	Baugur	09-341	108,0	112,0	106,0	108,7	17,5	9,9	6,8	26,0	4,3	17,3	126
	13-055	Gaur	09-879	90,1	120,0	115,8	108,6	16,2	9,1	5,9	25,6	3,2	17,0	125
	13-056	Þór	11-065	105,8	95,2	105,6	102,2	17,3	9,5	7,1	24,7	3,1	17,2	126
Gráni	14-072	Salamon	10-906	87,0	103,4	111,6	100,7	15,8	9,0	6,3	25,6	3,0	16,7	124
Þór	11-065	Svanur	10-057	101,8	105,5	90,4	99,2	17,0	9,1	6,3	24,2	3,5	16,9	129
	14-065	Rosi	11-899	102,2	94,4	88,8	95,1	17,0	9,2	6,7	26,2	4,6	16,7	125
	14-067	Garri	11-908	94,0	83,9	103,3	93,7	16,4	9,1	7,0	25,7	3,6	16,8	127
Golsi	14-070	Sigurfari	09-860	111,9	90,5	59,7	87,4	18,0	9,5	7,3	24,2	4,2	16,5	143
Broddi	14-069	Stari	13-001	94,3	73,2	73,3	80,3	16,4	8,4	6,7	24,0	3,7	16,6	140
								16,8	9,2	6,6	25,4	3,6	16,9	128

Hér eru eins og áður til skoðunar afkvæmahópar bæði undan hyrndum og kollóttum lömbum. Mörg lambanna voru verulega falleg með prýðilegan þroska. Í efstu sætum komu fjórir hópar sem verða stuttlega nefndir og voru nokkuð jafnir í heildareinkunn. Hrútur 13-030 er frá Bæ í Árneshreppi og var hann að skila vænum lömbum með mjög þykkun bakvöðva og litla fitu en örlítið vantaði á meiri gerð og sterkari lærahold. Hrútur þessi er sonur Borkó 11-946 og mjög ættsterkur þar sem hann er dóttursonur Kveiks 05-965 og Hylur 01-883 næstur forfeðra í móðurlínu. Hrútur 14-064 er fenginn í Árbæ. Lömbin undan honum voru prýðilega þroskamikil og með gott mat fyrir gerð. Ætt þessa hrúts er athyglisverð en hann er sonur Hnokka 12-046 og móðir hans systir snillinganna Bætis 13-026 og Spotta 13-942 að móðurinni. Þetta sýnist því hrútur sem veruleg ástæða er til að veita verðskuldaða athygli. Gustur 11-054 er fenginn úr Gautsdal og er hann að skila ákaflega jöfnum og vel gerðum lömbum. Faðir Gusts er Baugur 09-341 en hann er í ættum fram aðeins blandaður blóði hyndra stórsnillinga. Þess má geta að sem lamb var Gustur sjálfur meðal glæsilegustu lamba á svæðinu það haust. Hrútur 13-055 skilar öðru fremur lítill fitu til afkvæma sinna en þau eru um leið vel vöðvafyllt. Hrútur þessi er sjálfur mikil Bergsstaðakind þar sem faðir hans er Gaur 09-879 og móðurfaðir Lási 02-944.

Strandasýsla

Bassastaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
R	14-109	Voði	13-943	107,8	108,9	120,8	112,5	19,6	11,4	8,1	28,7	4,4	17,8	148
Stapi	14-108	Viti	12-767	108,8	108,5	116,7	111,3	19,4	11,2	8,1	28,9	4,5	17,7	139
Boði	14-340	Spakur	10-310	104,8	95,0	119,4	106,4	19,2	10,6	8,1	28,7	4,6	17,9	148
Prúður	13-102	Þokki	12-120	94,0	109,4	108,8	104,1	18,0	10,5	7,3	27,5	3,9	17,5	143
Hamar	14-107	Kópur	13-052	110,5	110,7	81,2	100,8	19,6	10,8	7,5	27,8	5,3	17,6	142
Snær	14-103	Ás	09-877	81,9	103,2	104,7	96,6	16,9	9,7	6,7	27,6	4,2	17,4	147
Fannar	14-104	Ás	09-877	102,0	94,9	89,9	95,6	18,7	10,6	8,0	26,7	4,1	17,5	140
Spakur	10-310	Heydalur	09-929	88,2	98,9	94,6	93,9	17,5	10,0	7,2	27,0	4,1	17,3	139
Partur	13-096		11-095	112,8	69,4	96,8	93,0	20,2	9,8	8,5	28,3	4,9	17,5	141
Lagður	12-124	Heydalur	09-929	96,8	104,7	77,0	92,8	18,2	10,8	7,8	27,5	5,3	17,3	144
Björn	13-169	Lokkur	12-141	99,4	92,0	84,3	91,9	18,5	10,6	8,2	26,6	4,5	17,4	138
								18,6	10,5	7,7	27,7	4,4	17,5	142

Nokkur undanfarin haust hef ég (JVJ) skoðað lömb á Bassastöðum og hafa þau verið í hópi alglæsilegust lamba sem hefur getið að líta þau haust. Haustið 2015 var glæsileikinn einnig ákaflega mikill en í mínum huga vantaði hárbreidd á uppljómunina sem þau voru haustin tvö á undan. En Guðbrandur er oft heppinn og nú komu tveir aðfengnir kollóttir hrútar á toppinn og verður aðeins um þá fjallað þó að flestir hóparnir væru frábærir. R 14-109 kemur frá Ragnari á Heydalsá. Hann átti ekki stóran lambahóp en nánast hvert einasta lamb undan honum var rakið metfé að allri gerð. Faðir R er Voði 13-943 og í móðurætt er þrælöflugt kynbótafé hjá Ragnari. Stapi 14-108 sem kemur frá Melum í Árneshreppi átti einnig gríðarlega jafnan og frábærlega gerðan lambahóp. Stapi er af mörgu því bestu í Melaræktuninni og faðir hans Viti 12-676 en móðurfaðir hans var hins vegar Svanur 11-694 sem fenginn var hjá Guðjóni á Heydalsá og er hann þannig að fjórðungi af Heydalsárblóði. Þó að búið á Bassastöðum sé líklega heldur fjárfærra en flest önnur þekktustu ræktunarbúin í landinu er samt ástæða til að benda á að þar er að finna einstakt úrval, bæði af hyrndu og kollóttu fé, en ekki stærra bú og skipting í ræktunarlínur leiðir til að notkun einstakra hrúta verður takmörkuð.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2015

Heydalsá 1 (Ragnar og Sigríður)

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Magni	13-944	Dropi	10-134	102,7	121,7	136,1	120,2	18,4	11,7	7,1	29,7	3,8	17,8	137
Moli	11-145	Barði	10-651	98,4	135,1	110,2	114,5	18,0	11,9	6,7	28,6	3,6	17,6	134
Spaði	13-114	Moli	11-145	103,5	116,8	122,8	114,4	18,5	10,7	6,3	29,4	3,8	17,8	136
Þokki	13-124	Hnokki	12-047	99,0	105,8	122,7	109,2	18,1	11,3	7,3	30,8	4,7	17,9	133
Voði	13-943	Roði	10-897	88,5	110,9	121,8	107,1	17,3	11,2	7,1	30,0	4,4	17,8	141
Fannar	14-135	Þokki	13-124	108,6	107,9	103,3	106,6	19,3	11,4	7,1	29,7	4,8	17,7	134
Mikki	14-127	Moli	11-145	102,3	119,1	96,0	105,8	18,4	10,7	6,2	27,8	3,6	17,5	135
Nói	14-228	Svanur	12-060	105,9	83,7	123,1	104,3	18,8	10,5	7,4	29,9	3,8	17,7	138
Stigi	14-128	Salómon	12-567	100,7	94,0	116,6	103,8	18,3	10,5	7,0	28,7	3,7	17,8	133
Þróttur	14-229	Dalur	09-861	108,0	92,5	99,8	100,1	19,1	10,4	6,9	30,0	4,8	17,4	139
Svíi	14-138	Finnur	12-361	101,0	87,9	108,7	99,2	18,3	10,3	7,0	29,1	4,0	17,7	137
Rósi	12-149	Dolli	09-892	90,1	122,5	79,2	97,3	16,9	10,8	6,0	26,8	3,4	17,2	133
Salómon	12-567	Stafur	10-645	101,7	90,0	95,6	95,8	18,4	11,1	7,8	28,8	4,6	17,7	142
Grímur	13-120	Golsi	11-674	112,2	98,3	73,7	94,7	19,4	10,7	6,9	27,7	3,9	17,2	138
Gráni	10-130	Grábotni	06-833	97,6	102,7	83,5	94,6	18,0	10,8	6,9	27,3	3,9	17,4	132
Plútó	14-129	Magni Þoku-	13-944	98,1	97,1	86,1	93,7	18,0	11,0	7,4	27,8	4,4	17,7	140
Suddi	14-133	Hreinn	13-937	89,1	84,4	103,3	92,3	17,2	9,6	6,5	28,2	3,8	17,5	138
Putti	14-131	Láki	13-117	97,0	79,7	86,8	87,8	17,9	10,2	7,4	28,1	4,4	17,4	141
Guffi	14-126	Glæsir	11-141	109,3	74,5	77,6	87,1	19,1	9,4	6,7	26,9	4,0	17,4	136
Skuggi	14-130	Láki	13-117	91,3	85,3	61,4	79,3	17,3	9,6	6,6	26,1	4,4	17,3	143
Láki	13-117	Botni	09-555	100,1	74,0	37,4	70,5	18,2	10,1	7,5	25,5	5,2	17,2	130
								18,2	10,7	6,9	28,6	4,1	17,6	137

Hér er ein af stærri og allra glæsilegustu afkvæmarannsóknum haustsins. Vegna mikillar fjársölu er þarna allmargir mislitir hrútar og ekki hefur Ragnar en tekist að fá fram meðal þeirra jafnoka hvítu hrútanna en margt af þessu litaða fé er samt meðal þess besta sem finna má af slíku fé hér á landi. Fljótsagt að verulegur fjöldi lamba var þarna sem flokkast meðal mestu djásna sem sjást. Toppsætið skipaði Magni 13-944. Afkvæmahópurinn var á allan hátt frábær og þrátt fyrir einstakar kjötmatsniðurstöður var áður búið að taka á fimmta tug lamba til ásetnings eða í líflambasölu. Þegar þessi einstaka niðurstaða lá fyrir var strax leitað leyfis til flutnings á Magna á sæðingarstöð. Því miður reyndist hann þar ekki sæðisgjafi í neinu hlutfalli við hið einstaka kynbótagildi hans. Að öðru leyti vísast til hrútaskrár um frekari upplýsingar um hrútinn. Moli 11-145 er elstur hrútanna og eins og svo oft áður voru lömb undan honum frábær að allri gerð. Þessi mikli kynbótahrútur kemur frá Melum í Árneshreppi sonur Barða 10-651 og marga af gullhrútum Melabænda á þessari öld að finna í fyrstu ættliðum. Sonur Mola Spaði 13-114 stóð síðan honum næstur að

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

heildareinkunn. Afkvæmi hans voru frábær að gerð með ákaflega sterk lærahold auk þess sem afkvæmi hans eru ákaflega fitulítill. Spaði var sem lamb einstakt djásn en hann er dóttursonur Dreitils 08-113 sem var öflugastur heimahrúta undan Boga 04-814 og hefur þegar skilið eftir sig fjölda mjög góðra afkomenda. Þokki 13-114 gefur frábært vaxtarlag hjá afkvæmum sínum en þau eru ívið fitusæknari en undan öðrum hrútum búans. Þokki kemur frá Árbæ og er sonur Hnokka 12-043 og mörg af höfuðdjásnum Árbæjarræktunarinnar í nærættum. Voði 13-943 átti þarna einnig afkvæmahóp en hann kom á stöð eftir rannsókn fyrir stöðvarnar á Smáhömrum og vísast til hrútaskrár. Frávik í aldri afkvæma hans hér gætu skýrt eitthvað af frekar slökum þungasamanburði í rannsókninni hér. Þá koma toppar meðal veturgömlu hrútanna. Fannar 14-135 er að gefa gríðarlega þroskamikil og vel gerð lömb en fita eins og hjá föður hans líklega við efri mörk en hann er sonur Þokka og dóttursonur Boga 04-814 og Örvar 04-983 næstur á móðurleggnum. Mikki 14-127 er athyglisverður Molasonur sem gefur mjög vel gerða lömb sem einnig eru fitulítill eins og kyn hans stendur til. Móðurfaðir Mikka er Dolli 09-892 og Neisti 06-822 næstur í móðurlínunni. Ég (JVJ) hafði ekki um nokkra ára skeið komið til skoðunar á Heydalsárfénu sem ég áður taldi mig þekkja nokkuð jafnt og fingur handanna. Ég verð að segja að ákaflega ánægjulegt var að komast aftur í snertingu við það og ræktunarfestan það mikil að enn stendur þetta sem einn meginkjarni í ræktun á kollóttu fé í landinu.

Melar 3, Hrutafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Guðnason	14-764	Guðni	09-902	94,6	131,7	136,6	121,0	16,3	9,6	6,4	28,0	3,6	17,3	127
Sérvaldi	14-721	Runni	11-014	106,0	116,4	116,8	113,1	17,0	9,2	6,4	27,8	3,6	16,9	134
Garri	14-719	Garri	11-908	96,4	118,2	120,6	111,8	16,4	9,8	7,0	27,5	3,8	17,1	141
Þorsti	14-720	Þorsti	11-910	95,5	99,5	117,7	104,2	16,3	9,1	6,9	28,0	4,2	17,2	143
Þráður Þröstur	13-714	Tvinni	11-795	93,9	109,6	108,7	104,1	16,2	9,2	6,6	26,7	4,2	17,5	134
Hjörtur Lótus-Frímann	14-722	Starri	13-669	110,8	103,8	90,1	101,6	17,4	9,3	7,0	26,5	3,9	16,8	130
Hannes	13-730	Grámann	10-884	89,9	96,5	113,5	100,0	15,8	8,4	6,3	28,1	4,0	16,9	131
Vinur	13-710	Steri	07-855	100,2	96,3	103,3	99,9	16,7	9,3	7,2	26,8	4,0	17,1	131
Fjandi	12-707	Tóti vinur	11-145	106,6	81,3	93,5	93,8	17,1	8,8	7,3	26,1	3,8	17,0	133
Sleikjó Róbert omm	13-760	Brandur	09-720	96,6	94,6	83,8	91,7	16,4	9,0	6,9	24,4	3,3	16,9	143
nomm	12-709	Indi	11-744	107,8	89,7	69,9	89,1	17,2	8,9	7,0	25,5	4,5	16,9	135
Bessi	14-724	Svarthöfði	13-206	111,1	77,3	78,3	88,9	17,7	8,7	7,5	26,9	4,6	16,8	146
Mikki	14-725	Sleikjó	12-709	94,8	90,8	65,2	83,6	16,1	8,6	6,8	25,3	4,5	16,9	146
	13-717	Ljúfur	08-859	92,5	72,5	82,4	82,5	16,1	7,9	6,6	25,3	3,7	16,8	147
								16,6	9,1	6,9	26,8	4,0	17,0	136

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Hér er rannsókn sem um margt er verulega merkileg. Efstu þrjú hrútarnir eru allir aðkeyptir en það sem er ákaflega sérstakt er að undan öllum þrem hrútunum fæðast 80-100 lömb vorið 2015. Þetta eru því gríðarlega miklu stærri afkvæmahópar en undan hrútum yfirleitt í þessum rannsóknum og því enn nákvæmari niðurstöður. Þó að þetta séu að vísu að verða fullstórir afkvæmahópar, betra að geta prófað nokkrum hrútum fleira, þá væri mikið unnið með að hafa 50-60 lamba hópa undan hverjum hrúti. Guðnason 14-764 á lambahóp sem sýnir með ólíkindum mikla yfirburði í báðum kjöttgæðapáttunum í rannsókninni enda lömbin áberandi vel vöðvafyllt bæði á baki og lærum um leið og þau eru mjög fitulítill. Hins vegar er þungasamanburðurinn Guðnasyni aðeins óhagstæð en mögulega truflar þar eitthvað að lömbin víkja talsvert frá meðalaldri hinna hópanna. Þessi hrútur kemur frá Efri-Fitjum og er sonur Guðna 09-902 en móðurfaðir hans Raftur 05-966 en móðurættin að öðru leyti úr þeirri þrælmögnuðu ræktun sem þar er orðin á fé. Sterkustu þættir afkvæma Sérvalda 14-721 eru mjög góður þroski og lítil fitusöfnun en þessi kynbótahrútur er fenginn frá Urriðaá undan Runna 11-014, sem er sterkasti hrútur sem fram kom í landinu undan Laufa 08-848 það eina ár sem hann var á stöð en landsþekkt ræktun á Urriðaá með tilheyrandi áhrifum margra sæðingahrúta fyllir uppí ættina á móðurhlið. Garri 14-719 á feikistóran hóp af ákaflega kjöttgæðamiklum lömbum með mjög góða gerð en aðeins undir meðaltali um þunga og spurning hvort þau hafi sum verið óþarflega bolstutt vegna þess að sjálfum var honum aðeins refsað sökum þess sem lamb. Garri á að föður samnefndan hrúti 11-908 og móðurættin úr öflugri ræktun á Efri-Fitjum þaðan sem hann var fenginn sem lamb. Fá dæmi munu um jafn áhrifamikil hrútakaup eins og Melabændur virðast hafa gert haustið 2014.

Miðdalsgröf

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Oddur	14-339	Dabbi	10-162	112,3	103,7	127,8	114,6	18,1	10,5	6,6	28,3	3,6	17,6	142
Óli	14-335	Kroppur	10-890	97,4	111,6	118,6	109,2	16,9	11,0	7,0	29,6	4,5	17,7	145
Bliki	14-336	Baugur	10-889	99,2	112,2	106,8	106,1	17,0	10,4	6,4	28,2	4,2	17,4	141
Vinur	11-321	Gormur	10-314	104,5	113,2	95,1	104,3	17,5	10,3	6,1	27,5	4,3	17,4	144
Arður	12-041	Sigurfari	09-860	98,4	101,1	98,2	99,2	17,0	9,6	6,0	28,3	4,5	17,3	142
Þór	14-337	Glæsir	11-141	90,8	98,7	106,7	98,7	16,4	9,4	6,0	27,6	3,7	17,3	144
Vafi	14-334	Vinur	11-321	99,6	94,8	101,3	98,5	17,1	9,6	6,2	27,2	3,7	17,4	143
Dalur	12-326	Stafur	10-645	98,4	91,4	86,9	92,2	17,0	10,2	6,9	28,9	5,7	17,4	138
Jón	13-340	Bassastaðir	11-193	98,8	87,6	87,5	91,3	17,0	9,8	6,7	27,1	4,3	17,4	142
Nikki	14-338	Stólpi	12-180	101,3	96,1	75,9	91,1	17,2	10,5	7,0	26,4	4,5	17,3	138
								17,1	10,1	6,5	27,8	4,3	17,4	142

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Hér var mikið af fallegum og vel gerðum lömbum sem báru markvissri ræktun á búinu um árabili gott vitni. Oddur 14-339 átti þarna lambahóp sem sýndi eina mestu yfirburði í rannsóknunum í haust. Lömbin voru ákaflega þroskamikil með ákaflega þykkun bakvöðva og góða gerð að öllu leyti. Oddur er fenginn frá Broddanesi 1 og faðir hans Dabbi 10-162 sem hefur verið mesta skrautblóm Jóns síðustu árin. Á móðurhliðina koma þekktir Broddaneshrútar, Demantur 05-554 frá Hafnardal og Segull 02-352 frá Melum. Því miður féll þessi öndvegishrútur frá á fyrsta ári. Óli 14-335 átti mjög vel gerð lömb með afbragðsgóð lærahold en örlítið fitusækin. Óli er sonur Kropps 10-890 en móðurætt úr hinni góðu heimaræktun sem er mikið blönduð Heydalsárfé. Bliki 14-336 átti þarna hóp verulega kostamikilla og vel gerðra lamba. Bliki er sonur Baugs 10-889 en af mjög líkri móðurætt og Óli. Hjá afkvæmum Vins 11-321 er lítil fitusöfnun sterkasti eiginleikinn en gerð lambanna var einnig góð. Faðir Vins er Gormur 10-314 en hann er sammæðra Bolla 06-821 og ber þokugenið eins og Bolli gerði og er þess vegna talsvert athyglisverður gripur.

Smáhamrar - líflambamælingar byggðar á hrútlömbum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Vörður	14-091	Bingó	13-056	106,6	104,6	129,5	113,6	18,6	10,8	8,0	29,2	3	17,9	138
Kroppur	12-078	Ómur	11-075	96,7	101,8	134,8	111,1	17,6	9,5	6,7	29,9	3,2	17,7	139
Borkó	11-946	Púki	06-807	111,5	96,5	118,8	108,9	18,9	10,3	7,8	29,1	2,9	17,6	145
Glanni	14-088	Ás	09-877	99,0	104,9	113,5	105,8	17,8	10,0	7,0	28,9	3,1	17,6	138
Valur	12-079	Drangur	09-606	104,6	110,3	99,8	104,9	18,3	10,5	7,4	28,6	3,7	17,8	142
Voði	13-943	Roði	10-897	100,6	98,2	109,2	102,7	18,0	10,4	7,9	28,6	3,4	17,8	144
Kópur	13-052	Stafur	10-645	102,7	101,1	103,5	102,4	18,2	10,5	7,8	28,7	3,6	17,7	142
Svalur	13-051	Ásaþór	11-167	103,7	110,6	92,7	102,3	18,3	11,3	8,2	28,4	3,9	17,6	143
Hrollur	14-092	Stafur	10-645	97,1	91,0	102,1	96,7	17,6	10,4	8,1	28,5	3,4	17,6	138
Hringur	13-053	Hergill	08-870	100,0	89,1	98,3	95,8	17,9	9,8	7,6	28,6	3,3	17,5	140
Kubbur	11-072	Sigurfari	09-860	102,1	104,7	70,8	92,5	18,1	10,8	8,0	26,9	3,7	17,4	141
Rafall	13-057	Rumur	12-082	95,3	98,8	82,8	92,3	17,5	10,4	7,7	26,9	3,2	17,4	139
Kopar	14-090	Sigurfari	09-860	90,9	99,4	80,1	90,1	17,1	9,9	7,2	27,4	3,7	17,6	139
Leynir	14-089	Sigurfari	09-860	91,2	97,4	76,0	88,2	17,0	9,5	6,9	26,3	3,1	17,3	136
Frakkur	13-155	Eitill	12-043	96,7	90,7	72,0	86,4	17,6	10,0	7,7	26,7	3,7	17,5	145
								17,9	10,3	7,6	28,3	3,4	17,6	141

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Smáhamrar - líflambamælingar byggðar á gimbrum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Borkó	11-946	Púki	06-807	111,5	96,5	124,0	110,7	18,9	10,3	7,8	28,9	3,1	17,7	145
Hringur	13-053	Hergill	08-870	100,0	89,1	122,5	103,9	17,9	9,8	7,6	29,1	3,3	17,8	140
Svalur	13-051	Ásapór	11-167	103,7	110,6	97,1	103,8	18,3	11,3	8,2	27,7	3,6	17,8	143
Glanni	14-088	Ás	09-877	99,0	104,9	105,6	103,2	17,8	10,0	7,0	28,6	3,3	17,7	138
Voði	13-943	Roði	10-897	100,6	98,2	111,0	103,2	18,0	10,4	7,9	27,7	3,2	17,9	144
Valur	12-079	Drangur	09-606	104,6	110,3	93,5	102,8	18,3	10,5	7,4	27,1	3,3	17,6	142
Kroppur	12-078	Ómur	11-075	96,7	101,8	105,7	101,4	17,6	9,5	6,7	28,1	3,1	17,6	139
Leynir	14-089	Sigurfari	09-860	91,2	97,4	114,4	101,0	17,0	9,5	6,9	27,8	2,7	17,6	136
Vörður	14-091	Bingó	13-056	106,6	104,6	91,3	100,8	18,6	10,8	8,0	27,6	3,4	17,5	138
Rafall	13-057	Rumur	12-082	95,3	98,8	101,2	98,4	17,5	10,4	7,7	27,5	3,0	17,5	139
Kópur	13-052	Stafur	10-645	102,7	101,1	87,1	97,0	18,2	10,5	7,8	26,5	3,2	17,6	142
Hrollur	14-092	Stafur	10-645	97,1	91,0	96,0	94,7	17,6	10,4	8,1	28,1	3,8	17,6	138
Frakkur	13-155	Eitill	12-043	96,7	90,7	91,5	93,0	17,6	10,0	7,7	27,6	3,4	17,5	145
Kopar	14-090	Sigurfari	09-860	90,9	99,4	84,4	91,6	17,1	9,9	7,2	26,8	3,5	17,4	139
Kubbur	11-072	Sigurfari	09-860	102,1	104,7	64,9	90,6	18,1	10,8	8,0	26,8	4,4	17,7	141
								17,9	10,3	7,6	27,8	3,4	17,6	141

Á Smáhömrum fór fram afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar þar sem teknir voru inn úrvalshrútar af Ströndum. Aðkomu hrútar í rannsókninni voru; Voði 13-112 (13-943) frá Heydalsá, Frakkur 13-155 frá Árbæ (fenginn frá Skjaldfönn) og Borkó 11-681 (11-946) frá Bæ. Þeir Voði og Borkó voru valdir til notkunar á sæðingastöðvunum að lokinni rannsókn og má vísa í umsagnir um þá í Hrutaskránni. Frakkur stóðst hinsvegar ekki prófið og var undir meðaltali í nánast öllum þáttum rannsóknarinnar.

Af athyglisverðum heimahrútum sem þarna koma fram má nefna veturgamlan hrút, Vörð 14-091, sem átti mjög þroskamikil og vel gerð afkvæmi. Hann átti góðan hóp sona sem voru stigaðir og mældir en gimbrahópurinn var síðri. Vörður er undan Bingó 13-056 sem var ættaður frá Árbæ í föðurlegg. Þetta er hrútur sem vert er að fylgjast með en kynbótamat hans í haust var honum ekki hagstætt þegar kom að vali hrúta inn á stöð. Annar kollóttur hrútur, Kroppur 12-078, átti mikið af prýðilegum lömbum en þar skorti aðeins upp á vænleikann. Þá voru afkvæmi Svals 13-051 með hæsta gerðarmatið úr sláturhúsi en fituflokkunin ekki nægilega hagstæð. Svalur er frá Heydalsá 1 og rekur ættir til Strengs 09-891.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Valdasteinsstaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bergson	14-491	Guffi	08-869	103,7	136,2	125,9	121,9	17,5	10,5	6,3	31,6	3,2	17,0	139
Straumur	13-463	Rafall	09-881	102,1	102,1	118,4	107,5	17,3	10,5	7,5	30,4	3,4	17,3	150
Kárason	14-493	Kári	10-904	103,6	99,6	118,4	107,2	17,5	10,1	7,3	30,7	3,4	17,2	152
Bjartur	14-494	Salamon	10-906	103,9	100,1	104,6	102,8	17,5	10,2	7,3	29,9	3,5	17,3	148
Toppur	14-489	Grámann	10-884	86,5	106,4	107,4	100,1	16,2	9,0	5,9	30,2	2,9	16,8	143
Dalmann	14-497	Dalur	09-861	97,1	84,8	81,5	87,8	16,9	8,6	6,4	28,1	2,9	16,8	132
Hringur	14-496	Baugur	10-889	113,8	73,9	61,7	83,1	18,4	9,8	7,9	28,6	4,0	16,9	147
Veturliði	14-495	Vetur	12-914	94,3	80,1	71,4	81,9	16,6	9,3	7,3	28,1	3,6	16,8	147
								17,2	9,8	6,9	29,8	3,4	17,1	145

Líkt og á síðust árum var að sjá mikið af athyglisverðum lömbum í rannsókninni hér. Einn hrútur var þar hins vegar, sem átti lömb sem voru í miklum sérflokki. Þetta var Bergsson 10-491 en afkvæmi hans höfðu ótrúlega mikla yfirburði í öllum eiginleikum. Bakvöðvi er sérlega þykkur og kjötmatið mjög hagstætt. Þessi snillingur er sonur Guffa 08-869 en móðurfaðir hans Þorbergur 10-494 sem sýndi sem veturgamall nær hliðstæða yfirburði í afkvæmarannsókn þá. Þegar móðurleggnum er fylgt áfram birtist sérstakur kokteill vegna þess að næstir koma Kaldi 03-989 og Kveikur 05-965.

Vestur-Húnavatnssýsla

Mýrar 2

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Burkni	13-951	Birkir	10-893	113,4	139,6	123,9	125,6	18,8	10,9	7,1	30,0	3,5	17,7	150
Mjöður	14-165	Þorsti	11-910	100,0	117,1	122,3	113,2	17,7	9,4	6,6	30,2	3,3	17,5	143
Strekkingur	14-166	Kári	10-904	104,8	120,0	110,8	111,9	18,1	9,9	6,9	29,0	3,0	17,4	137
Borgar	13-164	Gumi	09-880	104,3	101,9	121,3	109,2	18,0	9,6	7,3	30,1	3,5	17,5	144
Stormur	14-223	Kári	10-904	108,6	104,9	112,8	108,8	18,5	9,0	6,5	29,5	3,4	17,6	144
Loki	14-132	Ás	09-877	96,5	95,7	125,8	106,0	17,4	9,6	7,6	30,4	3,8	17,8	146
Sproti	14-137	Runni	11-014	97,1	123,6	97,4	106,0	17,4	10,0	6,8	29,0	3,9	17,5	145
Svarkur	10-165	Kjarkur	08-840	83,2	116,4	101,6	100,4	16,5	9,5	6,9	29,5	3,7	17,2	146
Meitill	14-135	Fleygur	12-135	100,8	91,6	107,5	100,0	17,8	10,0	8,2	29,6	3,8	17,7	142
Mikki	13-132	Guffi	08-869	112,8	99,6	85,0	99,1	18,6	9,9	7,6	28,0	3,2	17,2	140
Tinni	14-167	Salamon	10-906	93,0	106,8	94,1	97,9	17,0	9,8	7,4	28,6	3,7	17,5	141
Fantur	11-135	Laufi	08-848	100,8	99,8	87,8	96,1	17,8	9,2	7,0	29,0	4,1	17,3	140
Blævar	14-133	Snævar	10-875	105,4	89,8	91,5	95,6	18,1	9,1	7,2	28,0	3,4	17,4	145
Viddi	14-225	Bósi	08-901	98,7	89,0	96,3	94,7	17,6	9,2	7,4	27,3	2,4	17,0	145
Óðinn	14-168	Ás	09-877	102,6	85,2	88,4	92,1	17,9	9,7	8,0	28,0	3,7	17,5	148
Hamar	14-163	Fleygur	12-135	87,8	91,7	79,7	86,4	16,8	8,9	7,1	27,5	3,6	17,2	138
Benni	14-222	Guðni	09-902	98,9	77,6	78,4	84,9	17,6	8,9	7,6	27,1	3,7	17,4	147
Rósi	14-136	Bósi	08-901	98,6	73,2	76,5	82,8	17,6	8,3	7,0	27,3	3,4	17,4	144
								17,7	9,4	7,2	28,9	3,5	17,4	

Hér er ætíð forvitnileg rannsókn með mörgum fallegum lömbum og verulegum fjölda hrúta sem eru í samanburði á þessu stóra búi. Burkni 13-951 sem líka var í rannsókn vegna stöðvanna á Þóroddsstöðum átti lambahópin sem bar langt af öðrum í rannsókninni en vísað er til hrútaskrá vegna frekari umfjöllunar um þennan höfðingja. Gagnvart rannsókninni hér ber þess samt að geta að hér fylgja honum lömb eftir notkun áður en hann fer að Þóroddsstöðum og þess vegna nokkru eldri en lömbin í hinum hópunum. Mjöður 14-165 á verulega athyglisverðan afkvæmahóp þar sem mjög takmörkuð fitusöfnun, þykkur bakvöðvi og góð lærahold eru mestu kostir lambanna. Faðir Mjaðar er Þorsti 11-910 og móðurföðurfaðir Máni 08-849 en sjálfur er hann svartur að lit og var ákaflega föngulegt lamb á sínum tíma. Undan Strekkingi 14-166 var lambahópur sem prýddu flestir kostir góðra kjötgæðahrúta. Strekkingur er sonur Kára 10-904 og móðurföðurfaðir hans er Jón Páll 04-990.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Urriðaaá

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. Líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Runni	11-014	Laufi	08-848	102,9	128,1	101,8	110,9	19,7	11,1	7,4	32,4	3,5	17,8	141
Tvistur	14-016	Runni	11-014	101,8	102,8	118,9	107,9	19,6	10,9	8,0	33,8	3,9	18,0	145
Busi	14-011	Bósi	08-901	98,8	105,6	116,6	107,0	19,4	10,8	7,8	33,3	3,8	18,0	144
Kóngur	14-015	Runni	11-014	99,3	97,8	115,2	104,1	19,4	10,0	7,3	33,4	3,6	18,0	143
Brúsi	14-012	Bósi	08-901	94,5	109,6	106,1	103,4	19,0	10,8	7,7	32,5	3,7	18,0	141
Rósi	12-018	Runni	11-014	97,9	105,9	94,5	99,4	19,3	10,3	7,3	32,3	3,5	17,7	146
Massi	13-011	Svali	11-015	97,5	96,5	97,8	97,3	19,3	10,4	7,8	32,6	4,0	17,9	146
Toppur	14-013	Guðni	09-902	94,6	100,5	96,0	97,0	19,0	10,6	7,8	32,7	4,0	17,8	145
Grímur	13-014	Grábotni	06-833	99,2	98,5	91,6	96,4	19,4	10,5	7,8	32,2	3,6	17,7	145
Gestur	13-013	Runni	11-014	104,1	94,6	86,1	95,0	19,8	10,5	8,0	32,6	4,2	17,7	152
Þristur	14-018	Runni	11-014	103,2	92,9	80,4	92,2	19,8	10,6	8,2	32,1	4,2	17,8	142
Straumur	13-016	Rafall	09-881	105,4	71,0	98,6	91,7	19,9	10,8	9,1	33,7	4,6	18,0	151
								19,5	10,6	7,9	32,7	3,8	17,8	145

Eins og ávallt mæta hér til leiks einhver allra glæsilegustu lömb í öllum afkvæmarannsóknum í landinu bæði að þroska og gerð, frekast að setja megi útá full mikla fitusöfnun sumra þeirra. Rétt er að vekja athugli á því að hluti sláturlamba hér eru lömb sem er slátrað í sumarslátrum þrátt fyrir þennan feikilega þunga. Eins og síðust ár þá stendur Runni 11-014 efstur með lambahóp sem er frábær gagnvart kjötgæðaeiginleikum. Runni er löngu landsþekktur sem einn allra öflugasti kynbótahrútur landsins en hann er áreiðanlega langöflugasta afkvæmi Laufa 08-848 sem fram kom í þeirri eins ár notkun á sæðingastöð, sem Laufi fékk á sinni tíð. Vegna riðuarfgerðar er Runna ekki veittur aðgangur að sæðingastöð. Næstur kom hópur undan Tvisti 14-016 sem er einn Runnasonanna á búinu. Afkvæmi hans standa framar afkvæmum föður hans um bakvöðvabykkt og eru að öðru leyti frábær að allri gerð. Vart spillir móðurættin kyngæðum Tvist vegna þess að Raftur 05-966 er móðurfaðir og Kveikur 05-965 skammt að baki. Tvists er einnig getið í umfjöllun um afkvæmarannsóknina á Þróddsstöðum þar sem efni í sæðingastöðvahrúta voru prófuð.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Þóroddsstaðir - Líflambadómar byggðir á hrútlömbum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Börkur	13-952	Birkir	10-893	105,0	109,4	119,3	111,2	17,5	10,0	6,6	29,7	2,7	17,4	142,6
Burkni	13-951	Birkir	10-893	97,9	112,6	110,0	106,8	17,0	9,7	6,1	29,6	3,0	17,4	138,5
Þrymur	14-054	Þorinn	13-051	98,9	97,4	116,7	104,3	17,1	9,7	6,6	30,3	3,2	17,4	144,1
Tvistur	14-016	Runni	11-014	104,4	98,3	107,3	103,3	17,5	9,8	6,7	30,1	3,0	17,3	135,6
Lúður	13-055	Prúður	11-896	101,1	107,3	100,6	103,0	17,2	9,9	6,5	29,3	2,9	17,3	143,3
Gutti	13-053	Gaur	09-879	105,4	95,7	90,1	97,1	17,5	9,8	6,8	28,2	2,7	17,4	139,0
Þrjónn	13-056	Páfi	12-052	105,3	94,7	79,3	93,1	17,5	8,9	6,0	28,5	2,9	17,1	140,5
Borgar	13-164	Gumi	09-880	82,5	84,0	77,2	81,3	15,8	8,4	5,8	28,0	2,9	17,2	138,3
								17,1	9,5	6,4	29,2	2,9	17,3	140,4

Þóroddsstaðir - Líflambadómar byggðir á gimbrum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Börkur	13-952	Birkir	10-893	105,0	109,4	118,8	111,1	17,5	10,0	6,6	30,4	3,1	17,3	142,6
Burkni	13-951	Birkir	10-893	97,9	112,6	115,6	108,7	17,0	9,7	6,1	29,6	3,1	17,5	138,5
Lúður	13-055	Prúður	11-896	101,1	107,3	112,2	106,9	17,2	9,9	6,5	29,6	3,0	17,4	143,3
Tvistur	14-016	Runni	11-014	104,4	98,3	112,2	105,0	17,5	9,8	6,7	30,1	3,2	17,4	135,6
Gutti	13-053	Gaur	09-879	105,4	95,7	94,2	98,4	17,5	9,8	6,8	28,8	3,1	17,5	139,0
Þrymur	14-054	Þorinn	13-051	98,9	97,4	97,2	97,8	17,1	9,7	6,6	29,4	3,3	17,4	144,1
Þrjónn	13-056	Páfi	12-052	105,3	94,7	63,0	87,7	17,5	8,9	6,0	28,2	3,2	17,0	140,5
Borgar	13-164	Gumi	09-880	82,5	84,0	83,6	83,4	15,8	8,4	5,8	28,0	2,7	17,2	138,3
								17,1	9,5	6,4	29,3	3,1	17,3	140,4

Á Þóroddsstöðum í Hrutafirði var sett upp vegleg afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna. Valdír voru fjórir spennandi aðkomu hrútar úr varnarhólfinu sem öttu kappi við heimahrútana á Þóroddsstöðum. Þeir Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum og Burkni 13-951 frá Mýrum 2 stóðust prófið og skipuðu efstu tvö sætin. Um þá er betur fjallað í Hrutaskránni. Hruturinn frá Urriðaá, Tvistur 14-016, stóð sig einnig með þryði og verður áfram horft til hans. Hann er aðeins veturgamall og var því einungis valin í rannsóknina á grunni ætternis og einstaklingsdóms. Faðir hans, Runni 11-014 sonur Laufa 08-848, hefur vakið athygli sem ákaflega öflugur kynbótahrútur heima á Urriðaá. Tvistur var einnig með í samanburði á Urriðaá þar sem hann stóð sig best af veturgömlu hrútunum. Fjórdi aðkomuhrúturinn Borgar 13-164 frá Mýrum 2, sonur Guma 09-880, stóðst hinsvegar ekki væntingar. Heimahrútarnir veittu aðkomuhrútunum harða samkeppni sem kemur fram í því að munur milli efstu hópanna er ekki stórkostlegur. Þeir Lúður 13-055, Þrymur 14-054 og Gutti 13-053 áttu allir góða hópa.

Austur-Húnavatnssýsla

Forsæludalur

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Goði	13-342	Mjaldur	11-551	118,7	130,6	137,4	128,9	19,1	11,0	7,5	28,9	3,4	17,5	156
Lurkur	14-346	Hængur	10-903	111,8	135,6	121,2	122,9	18,7	10,9	7,1	28,3	3,4	17,5	152
Draugur	14-349	Jökull	13-343	103,5	115,9	120,7	113,4	18,1	9,5	6,4	28,3	3,2	17,2	154
Styggur	14-344	Salamon	10-906	96,1	129,8	112,2	112,7	17,6	10,7	7,0	27,3	3,2	17,5	159
Júdas	14-347	Skratti	12-913	110,3	91,7	118,8	107,0	18,7	9,6	7,3	28,6	3,7	17,5	153
Grettir	14-345	Hængur	10-903	108,8	107,2	93,6	103,2	18,6	10,5	7,7	26,9	3,5	17,3	154
Mjaldur	11-551	Guffi	08-869	93,9	112,9	101,7	102,8	17,4	10,3	7,3	27,4	3,6	17,4	158
Vafi	14-342	Roði	10-897	99,5	100,8	82,1	94,1	17,8	9,1	6,5	26,0	3,6	17,1	155
Bolur	14-343	Rafall	09-881	109,0	65,7	102,9	92,5	18,7	8,5	7,3	27,5	3,9	17,5	152
Þumall	14-348	Guðni	09-902	94,0	82,9	94,5	90,5	17,2	8,4	6,7	27,6	3,7	17,0	157
Nagli	14-350	Saumur	12-915	95,5	85,1	81,3	87,3	17,5	9,2	7,2	26,4	3,6	17,1	160
Varpakollur	12-710	Snær	10-761	94,8	76,3	72,4	81,2	17,5	9,2	7,5	26,3	4,1	16,9	159
Prúður	10-551	Suðri	09-506	91,1	69,3	81,8	80,8	17,2	8,8	7,3	26,5	3,5	16,9	160
Kolgrímur	14-341	Gumi	09-880	97,6	73,0	71,1	80,6	17,7	8,2	6,6	24,9	2,8	16,7	156
Bassi	09-472	Blævur	03-300	72,3	94,6	61,2	76,0	15,9	9,0	6,6	24,7	3,6	16,7	147
								17,9	9,7	7,1	27,3	3,5	17,2	155

Mikið af glæsilegum lömbum. Hér hefur á fáum árum komið upp feikilega sterkt kjöttgæðafé og þegar nánar er skoðað er greinilegt að nokkrir kauphrútar frá síðasta áratugi, sem fengnir voru bæði úr Norður-Þingeyjarsýslu og af Ströndum hafa náð að skilja eftir sig mjög mikil áhrif í stofninum. Annað atriði, sem ástæða er til að benda á, er að allir „gömlu“ hrútarnir skipa sér í neðstu sætin en það er mjög oft góð vísbendingum um að verið sé að skoða tölur um fé í mikilli erfðaframsför. Lömbin undan Goða 13-342 sýna gríðarlega mikla yfirburði í þunga og er um leið með ákaflega gott kjötmat og gerð. Goði er undan Mjaldri 11-551 sem kom frá Sandfellshaga 1 og var sonur Guffa 08-869 en móðurfaðir Goða var aftur á móti Hagi 06-261 frá Hagalandi undan Kroppi 05-993. Sömu kosti var að finna hjá afkvæmum Lurks 14-346 sem voru jafnvel enn vöðvabykkri á baki og í lærum en afkvæmi Goða. Faðir Lurks er Hængur 10-903 en móðurfaðir sá sami Hagi og er í því sæti hjá Goða. Hjá lömbunum undan Draugi 14-349 eru meginkostir mjög lítil fitusækni en gerð talsvert lakari en hjá afkvæmum hrútanna sem áður eru nefndir. Draugur er sonur Jökuls 13-343 sem er samfeðra Goða þ.e. undan Mjaldri 11-551. Að síðustu skal nefna lömb undan Stygg 14-344 en þau eru heldur léttari en undan hrútunum, sem þegar hefur verið fjallað um, en að gerð og vöðvafyllingu ekki síðri en undan bestu hrútunum. Styggur er undan Salómoni

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

10-906 en móðurfaðir hans er Bjarmi 08-393 sem fenginn var frá Heydalsá undan Boga 06-776 þeim sem margt af vöðvafylltasta fé landsins ekki síst það kollótta rekur ættir til Styggur er gráflekkóttur að lit. Rétt er að nefna að undan þeim þrem hrútum sem hér eru nefndir með besta gerð afkvæma var talsverður fjöldi sláturlamba undan hverjum þeirra sem flokkaðist í E flokk.

Hof, Vatnsdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kjartan	13-178	Kjarkur	08-840	105,0	118,9	135,7	119,9	18,7	10,6	7,1	28,6	3,1	17,8	142
Sokkur	12-190	Sokki	07-835	97,4	112,4	106,3	105,4	18,2	10,3	6,9	27,9	3,5	17,6	143
Glæpur	13-172	Glæsir	09-888	104,2	88,5	119,1	103,9	18,7	9,5	6,9	28,4	3,4	17,5	140
Straumur	13-175	Strengur	09-891	96,2	101,4	103,6	100,4	18,1	9,2	6,2	27,7	3,5	17,5	139
Úrsus	13-174	Borði	08-838	98,9	112,6	85,6	99,0	18,3	10,8	7,4	27,0	4,0	17,4	146
Gaui	14-185	Ásabór	11-167	94,9	107,3	90,6	97,6	18,0	10,2	6,9	26,4	3,4	17,4	140
Prófessor	12-195	Prófastur	06-864	100,6	97,5	91,4	96,5	18,5	9,6	6,7	26,8	3,3	17,3	147
Kross	14-183	Kroppur	10-890	93,9	96,5	98,7	96,3	17,9	10,0	7,2	27,6	3,3	17,1	141
Grímur	12-194	Grábotni	06-833	96,2	102,0	87,3	95,2	18,1	10,1	7,0	27,5	4,1	17,3	144
Brandur	14-184	Bingó	13-056	98,0	83,9	94,2	92,0	18,2	9,4	7,0	26,6	3,4	17,6	143
Höddi	13-180	Höttur	09-887	100,0	70,7	98,5	89,7	18,4	9,4	7,7	27,2	3,3	17,3	143
Raggi James	14-186	Stinni	11-157	110,3	79,4	78,5	89,4	19,4	9,5	7,3	26,8	4,2	17,6	141
Bond	14-181	Roði	10-897	101,4	76,6	84,1	87,4	18,5	9,1	7,0	26,9	3,9	17,5	143
								18,4	10,0	7,0	27,5	3,5	17,5	143

Hér eru mörg verulega fönguleg lömb í afkvæmahópunum. Þetta er hins vegar dæmigerð eins hrúts rannsókn sem ég (JVJ) hef kallað, þegar einn afkvæmahópur í stórrí rannsókn sópar til sín nær öllum yfirburðunum. Þetta er lambahópurinn undan Kjartani 13-178 en einnig á síðasta ári hafði hann sama háttalag í rannsókninni þá. Með ólíkindum er hve meðaltalstölum fyrir árin 2014 og 2015 ber saman fyrir nánast alla eiginleika nema lærahold þar sem niðurstöður núna eru verulega hærri, enda kvartaði ég í skrifum um rannsóknina 2014 yfir því að alveg óraunhæft samband væri á milli lærastigunar og kjötmatsniðurstaðna þá. Kjartan er að uppruna blendingsgripur á milli hyrnds og kollóttis fjár. Faðir hans er Kjarkur 08-840 sem hefur verið spar á slíka afburða kjötgæðagripi þó að Hængur 10-903 og Salómon 10-908 séu þar undantekningin og siglir Kjartan sem kjötgæðakind greinilega með þessum niðurstöðum fast að hlið þessara hálfbræðra sinna. Aftur á móti er móðurfaðir Kjartans Vöðvi 05-820.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Steinnes

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Styggur	14-139	Salamon	10-906	96,7	122,5	121,8	113,7	18,3	11,1	7,7	28,6	3,2	17,5	149
Hrókur	11-134	Hrói	07-836	109,7	108,6	121,3	113,2	19,2	10,4	7,4	28,6	3,2	17,5	146
Skuggi	14-142	Prestur	12-139	109,4	99,2	120,6	109,7	19,2	10,5	7,9	28,4	3,2	17,4	153
Klerkur	14-132	Abel Afi	07-130	104,4	123,6	89,1	105,7	19,0	11,4	7,7	26,2	3,2	17,4	145
Grettir	14-140	Gumi	09-880	95,1	99,5	117,5	104,0	18,1	9,9	7,3	28,4	3,4	17,6	148
Frakkur	14-143	Prestur	12-139	104,4	100,0	105,2	103,2	18,9	9,9	7,3	27,7	3,2	17,3	147
Örn	13-141	Grábotni	06-833	101,2	92,4	113,9	102,5	18,6	10,3	7,9	28,1	3,4	17,5	142
Búri	14-141	Prestur	12-139	101,7	118,4	81,1	100,4	18,7	10,6	7,3	27,2	3,7	17,1	147
Jón Páll	13-137	Steri	07-855	94,8	95,9	108,8	99,8	18,2	9,9	7,4	27,3	3,3	17,6	144
Höfðingi JÁ	14-133	Roði	10-897	109,8	101,6	86,4	99,3	19,4	10,1	7,4	26,8	4,0	17,5	152
Prestur	12-139	Grábotni	06-833	96,5	109,0	72,9	92,8	18,3	10,9	8,0	26,4	3,7	17,2	146
Kládius JG	13-139	Kroppur	10-890	94,6	88,0	90,5	91,0	18,0	9,6	7,5	27,9	4,6	17,7	146
Kóngur	14-136	Bósi	08-901	87,5	78,2	97,0	87,6	17,6	8,6	6,9	27,5	3,1	16,9	143
Kvennabósi	14-138	Bósi	08-901	91,0	66,9	86,4	81,4	17,8	8,7	7,4	26,6	3,4	17,3	150
								18,5	10,2	7,6	27,5	3,5	17,4	147

Í Steinnesi var stór afkvæmarannsókn og lambahóparnir allmennt góðir og nokkrir þeirra sérdeilis glæsilegir. Það er veturgamall hrútur sem vermir efsta sætið, líkt og vera ber þar sem framfarir eru í gangi. Hann heitir Styggur 14-139 sonur Salamons 10-906. Bæði móðir hans og móðuramma eru sæðingar, en móðirin er dóttir Frosta 07-843 og amman er dóttir Hvellis 05-969. Styggur virðist bráðefnilegur lambafaðir. Næstur í röðinni er Hrókur 11-134 sonur Hróa 07-836 og kominn útaf Lóða 00-871 í móðurætt. Hrútur sem skilar feikilega þroskamiklum lömbum. Þriðji er Skuggi 14-142. Hann er sonur Prests 12-139 og er það hrútur sem mikið hefur verið veðjað á í Steinnesi en Skuggi er einn af þrem sonum hans í þessum samanburði. Prestur er sonur Grábotna 06-833. Athygli vekur veturgamall hrútur, Klerkur 14-132, fyrir glæsilegar kjötmatsniðurstöður afkvæma. Hinsvegar virðast afkvæmin hafa þann galla að það vanti þykktina í bakvöðvann. Klerkur hefur aðalega verið notaður á gemlingana og því þarf að túlka niðurstöður hans varlega, en greinilega efnilegur hrútur. Faðir hans, Abel afi 07-130 er sonur Kveiks 05-965.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Sölvabakki

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tóti	14-059	Trítill	11-074	99,6	110,7	123,5	111,3	15,7	9,3	5,7	27,7	3,4	17,7	128
Bassi	14-052	Prúður	13-102	95,7	121,8	108,5	108,7	15,4	9,5	5,6	27,0	2,9	17,0	127
Tappi	14-054	Trítill	11-074	106,1	107,1	102,0	105,1	16,2	9,1	5,8	26,2	3,1	17,4	127
Haukur	11-071	Hukki	06-841	98,9	102,3	107,3	102,8	15,7	9,1	5,8	27,0	3,6	17,4	125
Mídas	14-053	Salamon	10-906	99,1	79,2	103,0	93,8	15,7	8,5	6,1	25,9	2,9	17,4	126
Vængur	14-058	Hængur	10-903	101,2	88,1	90,7	93,3	15,8	9,3	6,6	25,9	3,3	17,2	132
Jónsi	14-051	Bjartur	11-055	93,3	103,8	82,1	93,1	15,2	9,2	5,8	24,7	3,0	17,0	126
Nagli	14-055	Saumur	12-915	106,0	99,6	73,1	92,9	16,2	9,3	6,2	25,5	3,9	17,3	128
Rósi	14-056	Bósi	08-901	101,9	66,7	105,1	91,2	15,9	8,2	6,4	26,5	3,1	17,3	133
								15,7	9,1	6,0	26,4	3,3	17,3	128

Í rannsókninni hér var eins og undanfarin ár mikið af snotrum lömbum en tveir afkvæmahópar sýndu verulega yfirburði. Lömbin undan Tóta 14-059 voru með ákaflega þykkar bakvöðva og mjög sterk lærahold. Faðir hans Trítill 11-074 reyndist þrýðilega meðan hann var og hét en móðurföðurfaðir Tóta er Bifur 06-994. Því miður skilaði þessi efnilegi hrútur sér ekki af fjalli í haust. Afkvæmi Bassa 14-052 skiluðu afbragðsgóðu kjötmati og miðað við gerðarmat lambanna er lærastigun lambanna mjög ströng. Eins og nafnið bendir til kemur hann frá Bassastöðum og var einn í fjölda ákaflega fagurra lamba þar haustið 2014 undan Prúði 13-102 á Smáhömrún en móðurfaðir Bassa er Gotti 05-804 og síðan fylgir Lóði 00-0871 þannig að mikil kjötgæði vekja tæplega undrun.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Skagafjörður

Árgerði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Orri	14-343	Grímur	13-120	104,0	101,0	113,3	106,1	18,3	10,4	7,2	30,5	3,2	17,6	144
Lýður	14-342	Jonni	12-340	101,1	102,3	107,0	103,5	18,1	10,1	6,9	28,6	2,6	18,0	141
Klaki	13-343	Steri	07-855	105,6	106,4	96,6	102,9	18,5	10,6	7,2	29,3	3,5	17,9	143
Loki	14-340	Knár	13-339	95,8	104,7	102,1	100,9	17,7	10,7	7,4	28,4	3,0	18,1	139
Knár	13-339	Dabbi	10-162	93,9	97,4	105,9	99,1	17,6	10,8	7,8	29,5	3,5	18,1	139
Hrafn	14-344	Alur	13-055	102,2	100,3	92,1	98,2	18,2	10,4	7,3	28,4	3,1	17,6	136
Ljóni	14-341	Saumur	12-915	100,4	88,2	80,1	89,5	18,0	10,5	7,8	27,8	3,3	17,6	131
								18,0	10,5	7,4	29,0	3,1	17,8	139

Í Árgerði eru niðurstöður flestra hrútanna góðar en munur milli hrúta er lítt afgerandi. Efstur stendur svartur kaupahrútur frá Heydalsá 1 sem Orri heitir. Hans styrkleiki liggur helst í góðum vænleika og þykkum bakvöðva ásamt því að sameina prýðilega góða gerð og hóflega fitu. Annar í röðinni er heimaræktaður veturgamall hrútur sem ber nafnið Lýður. Faðir hans er Borðasonurinn Jonni sem hefur verið á toppnum í Árgerði síðastliðin ár. Lýður gefur fitu minna en aðrir hrútar í þessum samanburði en skilar samt vænleika í rúmu meðallagi.

Brúnastaðir, Fljótum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Seðill	13-029	Myrkvi	10-905	99,2	119,2	132,9	117,1	16,1	9,2	5,6	29,5	2,2	17,3	138
Kústur	14-033	Bursti	12-912	100,9	118,0	112,3	110,4	16,2	10,1	6,4	29,2	2,9	17,2	138
Húmi	14-024	Salamon	10-906	100,1	95,9	120,5	105,5	16,2	8,6	5,8	29,4	2,5	17,2	137
Grámann	11-030	Massi	10-025	108,1	98,0	108,2	104,8	16,8	9,5	6,6	29,1	3,0	17,3	133
Bragur	14-022	Baugur	10-889	105,5	111,6	86,9	101,3	16,6	9,4	6,0	27,9	3,1	17,2	142
Svartur	14-025	Myrkvi	11-091	97,3	98,5	106,4	100,7	15,9	8,9	6,0	29,4	3,0	17,0	136
Mökkur	12-026	Blakkur	07-865	96,8	94,1	108,1	99,7	15,9	9,1	6,3	29,1	3,3	17,3	143
Naskur	12-033	Heiðar	11-031	85,3	85,4	128,4	99,7	15,2	8,6	6,1	29,9	2,9	17,5	145
Bessi	14-020	Bósi	08-901	100,8	94,7	102,7	99,4	16,2	9,0	6,2	28,2	2,5	17,0	135
Eiður	12-031	Seiður	09-874	101,8	91,3	104,3	99,1	16,3	8,9	6,2	28,1	2,7	17,4	138
Snjór	13-033	Snævar	10-875	93,6	97,8	102,7	98,0	15,6	9,3	6,4	28,8	3,2	17,3	138
Straumur	14-021	Rafall	09-881	111,5	95,5	71,6	92,9	17,5	9,2	6,4	27,5	4,1	17,3	140
Goði	14-023	Roði	10-897	102,3	107,7	68,2	92,7	16,3	9,3	6,1	26,7	3,1	16,8	142

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2015

Pottur	13-026	Dolli	09-892	109,0	87,6	76,7	91,1	16,9	9,7	7,1	26,9	2,7	16,8	138
Hrímnir	13-032	Svali	10-862	98,1	104,1	66,0	89,4	16,0	9,6	6,5	27,0	3,8	17,1	133
								16,2	9,2	6,2	28,5	3,0	17,2	139

Á Brúnastöðum í Fljótum hafa löngum verið framkvæmdar stórar afkvæmarannsóknir og að þessu sinni voru 15 hrútar í samanburði. Það er hrútur af heimakyni sem stendur efstur, Myrkvasonurinn Seðill 13-029. Hann stóð einnig ofarlega í fyrra. Það kemur skýrt fram bæði árin að hann skilar mjög hóflegri fitu og kannski í raun farinn að nálgast neðri mörkin hvað þann eiginleika snertir. En á Brúnastöðum sameinar fjárstofninn ákaflega vel hóflega fitu og góða gerð. Athygli vekur hrúturinn sem er annar í röðinni, Kústur 14-033 sem er veturgamall sonur Bursta 12-912 en hann sýnir mesta yfirburið í holdfyllingarmati sláturlamba. Hann er einnig ættaður frá Hesti í móðurætt en móðurfaðir hans er Freyðir 07-810 frá Hesti.

Minni-Akrar

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Baxi	14-668	Hringur	13-053	116,6	131,6	111,4	119,9	18,8	10,3	7,5	28,0	3,9	17,2	143
Ljúfur	14-666	Vindur	13-295	113,2	102,8	119,5	111,9	18,5	9,1	7,5	28,6	4,0	17,4	139
Mikki	13-642	Guffi	08-869	95,4	110,3	127,4	111,1	16,6	9,3	7,0	28,9	3,5	17,3	136
Kandídat	14-643	Ráðanautur	13-668	105,1	98,0	113,7	105,6	17,6	8,4	6,9	27,4	3,5	17,2	140
	14-642	Biðill	13-641	102,4	91,9	105,0	99,8	17,2	8,6	7,2	27,3	3,4	16,9	136
Illugi	14-641	Hreinn	07-571	90,3	99,3	95,9	95,2	15,9	8,3	6,3	26,5	3,7	17,1	132
Gammur	14-667	Amor	13-661	96,7	104,5	82,1	94,4	16,6	8,5	6,4	25,5	3,2	16,8	136
Biðill	13-641	Geisli	12-666	97,2	83,7	78,9	86,6	16,7	8,1	6,9	26,8	4,6	16,9	140
Skaði	14-644	Móri	11-633	91,0	88,3	66,9	82,1	16,3	8,3	6,7	25,7	4,0	16,8	137
								17,0	8,7	6,9	27,1	3,7	17,1	138

Á Minni-Ökrum í Blönduhlíð stendur efstur hrúta Baxi 14-668 frá Smáhömrum. Þó Baxi komi af Ströndum þá er hann hyrndur en á Smáhömrum er prýðilegt hyrnt fé. Föðurfaðir hans er Hergill 08-870 frá Laxárdal. Baxi á best gerða hópinn og vænsta en lömbin undan honum eru jafnframt heldur eldri en undan hinum hrútunum. Annar í röðinni er móbotnóttur hrútur sem heitir Ljúfur 14-666. Hann er kaupahrútur frá Skriðu í Hörgárdal og er útaf Grábotna 06-833 í báðar ættir. Faðir hans er Vindur 13-295 frá Skriðu sem er sonur Grámanns 10-884. Afkvæmi Ljúfs eru vel gerð og væn en fitumatið dregur hann aðeins niður. Meira var sett á undan Ljúf en hinum

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

hrútunum og kemur það trúlega eitthvað niður á kjötmatsniðurstöðum hans. Þriðji hrúturinn er heimaræktaður, sonur Guffa 08-869 og undan dóttur Hinnesar 03-644 sem var atkvæðamikill kynbótahrútur á búinu fyrir nokkrum árum undan Hyl 01-883. Þessir þrjú hrútar eru með afgerandi bestu útkomuna sem lambafeður.

Ríp

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Frami	11-250	Kubbur	10-243	98,0	133,2	144,3	125,2	17,0	11,4	6,9	30,4	2,9	17,8	151
Mikki	14-243	Guffi	08-869	104,4	123,9	111,0	113,1	17,5	10,6	6,2	29,0	2,5	17,4	149
Plútó	14-244	Guffi	08-869	100,5	109,5	102,9	104,3	17,2	10,7	6,9	29,5	3,2	17,3	153
Manni	13-249	Grámann	09-277	97,9	100,8	112,8	103,8	16,9	10,0	6,5	29,7	2,8	17,3	151
Villi	14-250	Frami	11-250	101,7	83,9	112,5	99,3	17,3	10,0	7,2	29,4	2,7	17,6	151
Geisli	14-253	Toppur	13-241	109,1	88,8	94,5	97,4	18,1	10,3	7,4	30,3	3,7	17,1	153
Glúmur	12-241	Grábotni	06-833	101,4	89,8	84,0	91,7	17,2	10,1	7,0	27,8	2,5	17,2	148
Sveppi	14-249	Frami	11-250	99,5	96,5	71,7	89,2	17,1	10,0	6,7	27,3	3,4	17,3	152
Nói	14-251	Manni	13-249	89,3	86,8	90,0	88,7	16,1	10,1	7,2	27,9	2,9	17,4	150
Goði	14-242	Roði	10-897	105,8	81,5	70,3	85,9	17,8	10,4	7,8	27,6	3,2	17,2	150
Kapall	14-241	Rafall	09-881	95,6	73,3	78,0	82,3	16,8	9,7	7,3	27,5	2,9	17,3	152
								17,1	10,4	7,0	28,8	2,9	17,4	151

Á Ríp í Hegranesi var að vanda öflug afkvæmarannsókn þar sem mikið var af vel gerðum lömbum. Frami 11-250 staðfestir áfram yfirburði sína sem lambafaðir og trónir enn á toppnum í samanburði hrúta á Ríp. Hann er mjög kynfastur og eru lömbin yfirleitt samanreknir holdaköggjar. Frami er sonarsonur Borða 08-838 og er svarfleckóttur að lit. Ánægjulegt er að hann ætlar einnig að reynast vel sem ærfaðir og er því í hópi sterkustu alhliða hrúta. Annar í röðinni er Mikki 14-243 sonur Guffa 08-869 og dóttir Kubbs 10-243 og er því nokkur skyldleiki með þeim Mikka og Frama. Mikki kemur vel út úr öllum þáttum rannsóknarinnar, skilar vænum lömbum með þykkum bakvöðva og sameina þau vel góða gerð og hóflega fitu. Plútó 14-244 hálfbróðir Mikka á ágætum hóp en feitari og kemur það fram í báðum hlutum rannsóknarinnar. Þá kemur Manni 13-249 sem sýnir, líkt og á síðasta ári, að hann skilar þykkum bakvöðva.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Starrastaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Austri	14-659		12-012	92,9	108,3	125,3	108,8	15,4	9,1	6,5	27,1	3,1	17,2	143
Gosi	14-650	Mosi	13-116	106,7	113,5	104,7	108,3	16,6	8,6	5,8	25,7	2,5	16,6	144
Grettir	11-648	Grábotni	06-833	102,1	110,3	111,6	108,0	16,2	8,8	6,2	26,6	3,2	16,9	134
Rjómi	14-648	Roði	10-897	109,9	110,9	101,5	107,4	17,0	8,9	6,2	25,8	3,1	17,1	145
Snjólfur	14-614	Snævar	10-875	100,4	78,2	115,7	98,1	16,1	8,2	6,8	26,5	2,8	16,9	142
Páfi	13-614	Prófastur	06-864	99,8	87,8	101,3	96,3	16,0	8,7	6,9	25,5	3,2	17,0	140
Kubbur	13-649	Kroppur	10-890	92,1	98,9	89,2	93,4	15,1	8,3	6,2	25,4	3,3	16,7	155
Ástþór	14-649	Smári	10-650	97,5	95,7	79,5	90,9	15,8	8,0	5,9	24,4	2,9	16,7	145
Öðlingur	14-655	Grímur	13-120	96,4	94,3	70,8	87,2	15,7	8,5	6,6	24,7	3,6	16,6	146
								16,0	8,6	6,3	25,7	3,0	16,8	143

Á Starrastöðum eru efstu fjórir hrútarnir býsna jafnir í heildareinkunn, þó styrkleikar þeirra komi fram í mismunandi eiginleikum. Efsti hrúturinn, Austri 14-659, er frá Sauðanesi á Langanesi. Hann er kominn út af Hrifloni 07-837 sem var langafi hans í föðurætt. Hópur Austra er afgerandi best gerður en þó er vænleiki lambanna undir meðaltali í rannsókninni. Gosi 14-650 er einnig kaupahrútur, en hann er frá Heydalsá 1 og er mórauður að lit. Hann skilar vænum lömbum og fitunettum. Þriðji hrúturinn er heimaalinn sonur Grábotna 06-833. Þessi aldni bekri hefur á undanförunum árum verið við búsméðaltalið sem lambafaðir en reynist farsæll alhliða hrútur. Fjórði hrúturinn er kollóttur, heimaalinn undan Roða 10-897 og heitir Rjómi 14-648. Rjómi á afgerandi vænsta hópinn, sem er þó síst elsti hópurinn sé miðað við meðalaldur lamba við slátrun.

Syðra-Skörðugil

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Askur	14-460	Saumur	12-915	106,6	106,5	141,6	118,2	18,2	10,3	7,4	33,8	3,9	18,3	146
Ábati	13-538	Fjalar	10-464	108,8	122,0	117,3	116,0	18,1	10,3	7,0	32,4	3,9	17,5	149
Gaukur	13-436	Gaur	09-879	105,8	102,4	98,4	102,2	17,9	9,5	6,8	30,8	3,7	17,9	146
Brennir	12-066	Bruni	07-432	93,2	112,2	90,6	98,7	17,1	9,4	6,5	31,4	3,8	17,1	144
Hálfmáni	11-439	Máni	09-849	94,8	109,8	90,9	98,5	17,2	9,7	6,8	30,3	3,8	17,6	154
Hrímnir	14-462	Vetur	12-914	102,7	100,0	92,5	98,4	17,8	9,6	7,0	30,6	3,8	17,4	152
Veturliði	14-461	Vetur	12-914	98,3	80,4	112,0	96,9	17,4	8,7	6,9	32,3	3,7	17,6	146
Birkir	14-459	Saumur	12-915	93,0	103,9	83,3	93,4	16,9	9,2	6,5	29,8	3,7	17,4	143
Kjartan	13-433	Kjarkur	08-840	100,7	73,6	99,4	91,2	17,6	9,0	7,2	31,7	4,3	17,8	145
Asbjörn	14-464	Ás	09-877	93,9	80,1	90,2	88,1	17,0	9,6	7,8	30,3	3,4	17,3	152
Gauti	14-465	Gaukur	13-436	98,0	75,9	76,7	83,6	17,4	8,9	7,4	28,4	3,5	17,6	139
								17,6	9,5	6,9	31,2	3,8	17,6	147

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Á Syðra-Skörðugili voru 6 veturgamlir hrútar í samanburði auk eldri hrúta. Sigurvegari afkvæmarannsóknarinnar er Askur 14-460 sonur Saums 12-915. Hann skilar frábærlega holdfylltum lömbum og vænum. Sjálfur var hann afburðar vel gerður einstaklingur. Hann rekur ættir sínar til Ytri-Skóga beggja megin frá en móðurfaðir hans er Snævar 10-875 sonur Fannars 07-808 frá Ytri-Skógum. Ábati, sem er annar í röðinni, er einnig mjög sterkur lambafaðir og sameinar betur en nokkur hrútur hér, góða gerð og hóflega fitu. Faðir hans, Fjalar 10-464 sonur Borða 08-838, var yfirburðahrútur á Syðra-Skörðugili meðan hans naut við sem lambaföður.

Syðri-Hofdalir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óskar	13-530	Grábotni	06-833	95,8	146,5	133,1	125,1	16,7	10,1	6,3	30,1	3,1	17,7	144
Pápi	14-529	Baugur	10-889	100,1	109,3	118,8	109,4	17,0	9,2	6,7	29,4	3,2	17,3	147
Nonni	11-529	Gandur	07-845	102,0	107,6	105,6	105,1	17,2	9,2	6,8	28,7	2,9	17,1	148
Nóri	11-527	Lonni	09-532	104,3	111,1	97,0	104,1	17,3	10,0	7,5	28,3	3,5	17,4	141
Púki	14-527	Salamon	10-906	105,4	85,0	116,6	102,3	17,4	9,0	7,4	29,3	3,3	17,4	149
Pardus	14-531	Blackout	09-090	92,9	101,0	106,4	100,1	16,5	8,4	6,2	28,5	2,9	17,3	153
Nilli	11-533	Gnýr	10-650	94,7	109,8	90,7	98,4	16,6	9,2	6,7	27,4	3,1	17,2	140
Ófeigur	13-527	Hergill	08-870	97,9	107,0	83,1	96,0	16,9	9,7	7,3	27,8	3,9	17,4	139
ORMAR	12-532	Snævar	10-875	86,4	94,5	100,7	93,9	16,0	8,7	6,7	28,0	3,1	17,3	141
Ómur	13-532	Hermann	10-524	105,1	78,3	95,6	93,0	17,4	8,9	7,5	29,2	3,7	17,0	149
Pinni	14-532	Nagli	12-087	102,3	98,3	75,0	91,8	17,2	8,7	6,6	27,5	3,9	17,4	153
Prins	14-528	Hartmann	13-525	110,2	78,2	82,8	90,4	17,7	8,7	7,3	27,7	3,2	17,0	153
Prjónn	14-526	OGGI	12-527	101,1	71,1	86,4	86,2	17,1	8,8	7,7	27,9	3,5	17,4	153
								17,0	9,2	7,0	28,5	3,3	17,3	146

Á Syðri-Hofdölum er Óskar 13-530 afgerandi efstur. Hann var einnig efstur í stórri afkvæmarannsókn á Syðri-Hofdölum í fyrra og sannar því að hér hefur skotið upp kollinum mjög athyglisverðum kynbótahrút. Móðurættina má rekja til Hvels 05-969 og Frosta 02-913. Óskar varð því miður of skammlífur en hann drapst á síðast ári. Pápi 14-529 sonur Baugs 10-889 kemur næstur og er efstur af veturgömlu hrútunum. Kollótti stofninn er greinilega í sókn á Syðri-Hofdölum, en þar er féð að langstærstum hluta hyrnt. Þá hefur kollótti stofninn almennt staðið hyrnda stofninum að baki þegar kemur að bakvöðvamælingum en Pápi sækir hinsvegar yfirburði sína í sterka útkomu úr ómmælingum. Í móðurætt er hann skyldleikaræktaður út af Lobba 09-527 sem er undan kaupahrúti frá Heydalsá 1, sonar sonur Ægis 01-916.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Syðri-Ingveldarstaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Haffi	14-159	Hlunkur	12-101	98,3	131,5	122,9	117,6	17,1	10,7	6,7	30,6	3,0	17,6	163
Skarpur	14-154	Garpur	12-153	97,8	102,5	125,9	108,7	17,1	9,4	6,7	30,8	3,0	17,4	149
Gráni	12-154	Spaði	11-233	104,1	117,0	104,7	108,6	17,5	10,4	7,2	29,7	3,2	17,3	149
Dropi	14-157	Leki	12-103	109,5	108,7	103,7	107,3	18,0	10,3	7,3	29,5	3,3	17,4	156
Skuggi	14-153	Salamon	10-906	95,7	94,4	114,4	101,5	17,0	9,5	7,0	29,9	2,9	17,3	146
Doddi	14-160	Þytur	12-100	97,3	112,2	92,2	100,6	17,1	10,8	7,7	28,5	3,1	17,4	152
Svartur	14-151	Salamon	10-906	101,8	103,1	86,3	97,1	17,4	10,1	7,3	28,8	3,1	17,2	150
Massi	14-158	Messi	12-108	109,2	87,6	86,7	94,5	17,9	10,0	7,7	29,5	3,6	17,2	153
Lái	14-156	Trítill	12-155	92,9	82,1	107,3	94,1	16,8	9,6	7,4	30,2	3,3	17,3	153
Soffi	14-186	Glámur	12-254	89,8	89,4	84,6	87,9	16,6	9,0	6,6	28,5	3,2	17,1	147
Ásgarður	14-152	Kári	10-904	103,9	72,0	72,5	82,8	17,6	9,5	7,8	28,2	3,6	17,1	147
								17,3	9,9	7,2	29,5	3,2	17,3	151

Á Syðri-Ingveldarstöðum á Reykjarströnd var umfangsmikil afkvæmarannsókn og góðir lambahópar. Ánægulegt er að sjá að þarna eru 10 veturgamlir hrútar í samanburði. Helmingurinn af þeim eru kaupahrútar. Efsti hrúturinn, Haffi 14-159, er keyptur frá Hafrafellstungu og er sonur Hlunks 12-101. Hlunkur þessi var yfirburðar kynbótagripur m.t.t. skrokkgæða en drapst fyrir aldur fram. Gott útlit er fyrir að Haffi ætli að sverja sig í ættina sem öflug kynbótakind. Taka verður þó niðurstöðunum með þeim fyrirvara, að afkvæmi Haffa eru gemlingslömb, ólíkt því sem gerist í hinum afkvæmahópunum og að meðalaldur þessara lamba við slátrun er hæstur. Hrúturinn sem er annar í röðinni er Skarpur 14-154 en hann átti glæsilegan hóp af líflömbum og eru afkvæmi hans með þykkasta bakvöðvan að jafnaði. Skarpur er einnig ættaður frá Hafrafellstungu en hann er sonur Garps 12-153 sem var kaupahrútur þaðan. Þá vekur athygli Doddi 14-160 kaupahrútur frá Hafrafellstungu. Hann skilar hæstu gerðareinkunninni samkvæmt kjötmatsniðurstöðum en fitumatið dregur hann aðeins niður.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Tunga

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Goði	14-111	Guðni	09-902	100,2	109,4	129,6	113,1	17,1	9,8	7,0	28,8	2,9	17,5	132
Mósi	13-106	Gumi	09-880	103,7	120,8	94,3	106,3	17,3	10,2	7,0	27,2	3,1	17,2	132
Mökkur	13-111	Drífandi	11-895	94,2	108,9	115,5	106,2	16,7	9,8	7,1	27,4	2,7	17,3	131
Galdur	12-114	Seiður	09-874	101,0	85,9	123,2	103,3	17,1	9,3	7,3	28,3	2,6	17,4	130
Straumur	14-107	Massi	13-109	110,2	101,1	95,8	102,4	17,8	9,6	6,9	27,5	3,1	17,0	126
Olli	12-111	Kolli	10-107	106,0	94,6	98,4	99,6	17,6	9,3	6,9	26,8	2,7	17,0	138
Víðir	14-109	Vetur	12-914	97,3	96,3	100,6	98,1	16,8	9,9	7,5	27,4	3,4	17,4	135
Rosi	14-110	Bósi	08-901	97,7	90,8	100,8	96,4	16,9	9,3	7,1	26,9	2,8	17,2	134
Hrókur	14-112	Bekri	12-911	93,8	85,0	64,3	81,0	16,6	8,9	6,8	26,0	3,2	17,0	141
								17,1	9,6	7,1	27,2	3,0	17,2	133

Í Tungu í Gönguskörðum stendur efstur veturgamall hrútur, Goði 14-111 sonur Guðna 09-902. Í móðurætt má finna nokkra þekkta stöðvarhrúta á bakvið hann en þar er styðst í Bjálki 06-995, Abel 00-890 og Eir 00-881. Afkvæmi Goða eru yfir búsméðaltali fyrir alla eiginleika og einkennast af þykkum bakvöðva og sameina vel góða gerð og hóflega fitu. Mósi 13-106 er með býsna keimlíka niðurstöðu og á síðasta ári. En þá var hann einnig sá hrútur sem skilaði hæsta gerðarmati í sláturlömbunum en útkoma á líflömbum aðeins í þokkalegu meðallagi. Í móðurætt rekur hann ættir sínar til öflugra skrokkgæða hrúta, Kveiks 05-965 og Leka 00-880.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Þingeyjarsýslur

Hrifla

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dreki	13-953	Grábotni	06-833	99,8	124,8	132,7	119,1	15,8	9,9	5,5	30,0	2,5	17,8	141
Mikki	14-030	Guffi	08-869	107,4	102,5	122,3	110,7	16,3	9,0	5,6	28,9	2,0	17,5	144
Natan	13-155	Gaur	09-879	102,0	110,0	109,1	107,1	15,9	9,4	5,7	29,0	2,4	17,8	145
Gammur	14-027	Dreki	13-953	92,0	105,3	116,5	104,6	15,2	9,0	5,4	28,6	2,3	17,8	145
Halli	14-026	Salli	12-079	98,4	106,1	89,9	98,1	15,6	9,2	5,6	27,2	2,0	17,4	147
Ós	14-031	Bósi	08-901	105,2	93,6	87,3	95,4	16,2	9,3	6,2	26,9	2,4	17,7	141
Snáði	14-029	Steri	07-855	110,4	85,7	88,5	94,9	17,0	9,3	6,6	27,8	2,7	17,6	143
Eðall	14-455	Hnappur	10-488	95,9	98,8	86,9	93,9	15,5	9,2	5,8	27,7	2,7	17,6	140
Lassi	14-033	Salamon	10-906	96,5	87,2	75,3	86,3	15,5	9,0	6,0	26,1	2,3	17,6	147
Kælir	14-028	Frystir	13-019	94,6	80,6	71,9	82,4	15,3	8,5	5,9	26,9	2,6	17,4	142
								15,8	9,2	5,8	28,0	2,3	17,6	144

Afkvæmarannsókn á þessu gamalgróna ræktunarbúi vekur ætíð athygli og svo var einnig nú. Dreki 13-953 sýndi líkt og á síðasta ári mikla og skýra yfirburði en hann hafði fengið áður en rannsóknin fór fram farmiða á sæðingastöð og þangað fluttur og vísast því til umfjöllunar í hrútaskrá. Mikki 14-030 átti afkvæmahóp þar sem sterku þættirnir voru mjög þykkur bakvöðvi og tempruð fitusöfnun. Mikki er sonur Guffa 08-869 en móðurfaðir hans er Raftur 05-966. Lömbin sem fylgdu Natani 12-155 sýndu jafna og góða gerð og litla fitu en faðir hans er Gaur 09-879 og móðurfaðir Kveikur 05-965 og fylgt af Tý 02-929. Natan er aðkomukind og á heimili í Landamótsseli.

Ingjaldsstaðir

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gústi	14-184	Guðni	09-902	104,5	104,2	132,6	113,8	16,9	9,8	6,8	33,3	2,6	17,9	132
Skuggi	14-187	Myrkvi	10-905	108,2	117,4	110,4	112,0	17,3	9,8	6,4	31,7	2,6	17,7	137
Lax	14-185	Hængur	10-903	104,4	88,5	133,9	108,9	17,0	8,9	6,6	33,4	2,7	17,8	141
Tvistur	13-179	Gaur	09-879	102,9	120,1	102,0	108,3	16,8	9,5	6,0	30,9	2,5	17,9	135
Snerill	14-189	Dagur	13-181	96,1	101,3	80,7	92,7	16,2	9,3	6,4	29,5	2,7	17,6	139
Dagur	13-181	Snær	07-867	87,0	97,8	69,6	84,8	15,7	8,5	5,8	29,5	2,6	17,4	141
Manni	14-188	Bekri	12-911	104,5	72,2	74,1	83,6	17,0	8,6	6,9	29,9	2,6	17,4	139
								16,6	9,1	6,3	31,2	2,6	17,7	138

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Í þessari skemmtilegu rannsókn eru tveir afkvæmahópar sem ástæða er til að fjalla stuttlega aðeins frekar um. Lömbin undan Gústa 14-184 voru vel þroskuð, þrýðilega vel gerð með framúrskarandi lærahold en fita aðeins í efri kantinum. Gústi er sonur Guðnasonar 09-902 en móðurföðurfaðir hans er Hriflon 07-837. Lömbin undan Skugga 14-187 eru líka gríðarlega væn og þroskamikil en þessi skuggalegi hrútur var gríðargott lamb haustið 2014 og er eins og nafn og ætt segir til svartur að lit en hann er sonur Myrkva 10-905 og móðurfaðir hans er Dökkvi 07-809. Sem lamb var Skuggi mikið djásn sjálfur.

Litlu-Reykir														
Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Rjómi	13-006	Ísar	12-291	99,2	123,8	129,6	117,5	16,0	10,9	6,6	31,3	2,3	18,0	149,0
Úði	14-013	Suddi	09-262	93,9	135,6	111,6	113,7	15,5	10,9	5,9	29,6	1,9	18,0	150,1
Vasi	14-017	Grunur	12-293	96,9	123,8	97,9	106,2	15,8	11,0	6,5	29,6	2,2	17,9	153,4
Javi	14-014	Saumur	12-915	102,7	112,4	101,2	105,4	16,3	10,5	6,6	29,1	1,9	17,9	156,8
Grunur	12-293	Grábotni	06-833	101,1	107,0	107,1	105,0	16,2	10,4	6,7	29,4	2,0	18,1	149,7
Krans	14-015	Garri	11-908	98,9	109,2	105,1	104,4	16,0	10,1	6,3	29,9	2,0	17,8	153,0
Kliður	13-003	Kappi	11-284	100,0	97,5	103,0	100,1	16,1	10,3	6,9	29,5	2,1	17,9	153,3
Dúkur	14-016	Kliður	13-003	100,8	85,3	108,8	98,3	16,2	10,0	7,1	30,2	2,4	18,1	156,1
Köggull	14-019	Ómur	13-002	103,8	74,2	97,4	91,8	16,5	9,5	7,2	29,0	2,3	18,3	155,2
Hampur	14-018	Suddi	09-262	98,3	94,6	67,6	86,8	15,9	9,1	5,9	27,6	2,0	17,6	147,9
Kvistur	14-012	Garri	11-908	107,7	61,9	90,4	86,7	16,8	8,9	7,0	29,0	2,2	18,0	156,4
Kengur	14-020	Jóker	12-924	95,3	74,3	66,6	78,7	15,7	8,7	6,2	27,1	2,0	17,5	152,5
								16,1	10,1	6,6	29,4	2,1	17,9	152,6

Á Litlu-Reykjum eru margir glæsilegir afkvæmahópar að vanda. Lömbin sameina einkar vel góða gerð, þykkar bakvöðva og hóflega fitu. Hér stendur efstur tveggjavetra hrútur, Rjómi 13-006. Hann er sonarsonur Snævars 10-875 og dóttursonur Bobba 04-962. Afkvæmi Rjóma eru vel gerð, sérstaklega m.t.t. til bakvöðvans sem er ákaflega þykkur. Rjómi vakti einnig athygli í afkvæmarannsókninni á síðasta ári og skartaði þá hæstu einkunn fyrir gerð sláturlamba. Því er greinilegt að hér fer öflugur hrútur. Þá kemur veturgamall hrútur, Úði 14-013. Hann er sonarsonur Kveiks 05-965 og dóttursonur Ats 06-806. Þessi hrútur sameinar gríðarlega vel mikla holdfyllingu og hóflega fitu, líkt og fram kemur bæði í kjötmati og lífmati. Hlutfall einkunnar fyrir gerð og fitu er 1,85 sem er með því besta sem sést. Þriðji hópurinn sem hér verður nefndur er hópur Vasa 14-017. Vasi er sonarsonur Grábotna 06-833. Þessi hópur skartar hæsta meðaltali fyrir gerð sláturlamba.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Skarðaborg

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallp.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallp.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dvergur	10-115	Stáli	06-831	105,2	146,9	128,8	126,9	16,2	11,9	5,8	30,0	2,0	18,4	138
Tindur	14-145	Punktur	13-125	111,3	103,6	99,7	104,9	16,9	10,8	6,1	28,8	2,4	18,0	132
Gosi	14-135	Bósi	08-901	96,7	114,0	97,3	102,7	15,5	10,6	5,6	28,3	2,0	17,8	132
Mandela	13-129	Gumi	09-880	88,6	106,4	112,3	102,4	15,0	10,4	5,8	28,9	2,2	18,1	133
Drumbur	14-142	Dvergur	10-115	104,9	108,6	91,0	101,5	16,3	10,9	6,1	28,3	2,4	17,9	137
Biti	14-146	Teigur	13-124	101,2	99,6	93,1	98,0	15,9	10,6	6,2	28,6	2,9	18,1	137
Kappi	14-143	Kraftur	13-122	105,7	78,7	92,0	92,1	16,4	9,7	6,2	28,1	2,4	17,9	135
Byr	12-105	Lóði	11-126	95,1	75,1	90,8	87,0	15,5	9,3	5,7	27,9	2,0	17,7	141
Massi	14-147	Þráður	09-115	98,3	68,5	87,5	84,8	15,7	9,4	6,1	27,9	2,2	17,7	140
								15,8	10,4	5,9	28,6	2,3	18,0	137

Hér er rannsókn sem oft hefur verið flokkuð sem eins hrúts rannsókn. Hér er það hinn gamalreynði Dvergur 10-115 sem sýnir einstaka kosti hjá afkvæmum sýnum en hann er í dag með eitt allra hæsta kynbótamat allra hrúta í landinu fyrir gerð lamba. Dvergur er líklega í dag eini eftirlifandinn af allnokkrum slíkum hrútum sem komu fram á sínum tíma undan Stála 06-831.

Ysti-Hvammur

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallp.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallp.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Draugur	12-144	Garpur	09-150	94,5	107,5	132,5	111,5	15,8	10,4	6,4	32,5	2,9	18,1	142
Þór	13-149	Ás	09-877	95,4	131,7	103,6	110,2	15,8	10,6	5,8	30,2	2,7	18,0	140
Hvoll	14-158	Rússi	12-117	102,1	104,9	111,0	106,0	16,4	10,0	6,0	30,4	2,3	18,1	136
Garpur	09-150	Púki	06-807	108,0	96,8	111,4	105,4	16,9	9,9	6,3	31,3	2,9	18,0	140
Tindur	14-156		13-150	103,8	92,9	107,9	101,6	16,5	9,8	6,3	30,0	2,2	17,8	137
Týr	14-151	Þór	13-149	109,4	82,8	91,1	94,4	17,0	9,7	6,6	30,2	3,0	17,8	141
Mjöllnir	14-154	Þór	13-149	101,5	87,8	89,9	93,0	16,3	8,9	5,7	29,3	2,5	17,8	141

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Stúfur	14-152	Saumur	12-915	95,9	99,8	81,5	92,4	15,8	9,5	5,7	28,5	2,5	17,6	145
Gaffall	14-153		13-150	95,6	64,5	61,5	73,8	15,7	8,8	6,5	27,8	3,0	17,6	137
								16,1	9,9	6,1	30,2	2,7	17,9	140

Segja má að þrátt fyrir glæsileg lömb í rannsókninni hér sé ekki um að ræða neinar nýjar ræktunarlegar fréttir. Efstu sætin fylla með prýði stórglæsilegir afkvæmahópar undan tveim gömlum köppum þeim Draugi 12-144 og Þór 13-149 og vísast því til fyrri umfjöllunar um þá vegna þess að ný umfjöllun nú væri ekki annað en endurritun þess sem áður er um þá sagt.

Garður

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fjarki	10-150	Búri Indriði	09-165	108,1	102,3	149,5	120,0	16,6	9,8	6,9	29,7	2,1	17,8	151
Kláus	14-254	Jóns	11-250	105,1	128,6	112,6	115,4	16,0	10,7	6,8	27,1	1,9	17,3	138
Málmur	11-254	Kopar	10-257	107,1	106,3	119,0	110,8	16,0	10,2	7,1	27,8	2,0	17,3	136
Glámur	12-254	Rúbín	10-251	97,6	105,9	121,1	108,2	15,4	9,6	6,4	27,8	1,8	17,4	138
Kústur	14-252	Bursti	12-912	97,7	123,8	96,5	106,0	15,3	10,9	6,9	26,5	2,0	17,1	136
Stjóri	14-103	Salamon	10-906	110,5	82,6	113,6	102,2	16,5	8,9	6,9	27,8	2,1	17,4	143
Öngull	14-253	Tinni	12-255	102,5	97,2	101,3	100,3	15,8	9,6	6,8	26,9	2,0	17,1	136
Sómi	13-250	Fálki	11-684	94,4	113,7	79,7	96,0	15,2	9,6	6,1	25,7	2,0	17,0	137
Pjakkur	14-255	Hængur	10-903	97,4	87,3	99,5	94,8	15,3	9,3	6,8	27,1	2,2	17,2	132
Lurkur	14-251	Hængur	10-903	98,2	91,4	78,3	89,3	15,4	9,5	6,8	25,0	2,0	17,1	136
Tinni	12-255	Málmur	11-254	93,8	82,5	83,8	86,7	15,2	9,1	6,6	25,6	1,9	16,9	134
Aldur	14-256	Loki	08-211	93,6	73,9	56,8	74,8	15,0	8,7	6,6	24,3	2,0	16,9	135
								15,6	9,6	6,7	26,7	2,0	17,2	137

Í góðri rannsókn hér eru það tveir gamlir kappar sem enn skjóta upp kollinum. Fjarki 10-150 skipar toppinn eins og hann hefur svo oft gert á fleiri bæjum í sveitinni. Athyglisvert er að nú í haust þegar bakvöðvamælingar í þessum sveitum hríðfalla miðað við það sem verið hefur undanfarin haust vegna hinnar óvenju óhagstæðu sumarveðráttu falla mælingar hjá afkvæmum Fjarka minna en flestra annarra hrúta. Fjarki er sameign fleiri bæja en hann er fæddur að Sandfellshaga 2. Málmur 11-254 var í stóru afkvæmarannsókninni vegna stöðvanna í sýslunni haustið 2014 og sýnir núna enn einum sinni að hann er afbragðs kjötgæðakind. Lömbin undan Kláusi 14-254 skipa sér á meðal hópa stórkappanna gömlu en þessi lömb höfðu prýðilega kjötgæði og fitusöfnun afkvæma hans virðist í neðri kantinum. Faðir hans Indriði Jón 11-250 hefur verið þarna í notkun undanfarin ár og gefist vel en hann er sonur Guffa 08-869 sem kom á stöð frá þessu búi.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Austurland

Hauksstaðir, Vopnafirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jötunn	12-403	Kraftur	09-020	93,4	88,9	79,0	87,1	15,9	8,6	6,5	24,6	2,7	16,7	142
Kappi	14-407	Kaðall	11-260	90,2	95,2	86,9	90,8	15,5	8,4	6,2	25,5	2,9	16,7	137
Toppur	14-406	Bursti	12-912	92,6	111,9	94,1	99,6	15,7	9,0	6,1	25,8	3,2	17,1	139
Tobbi	13-410	Safír	10-264	98,1	75,2	105,1	92,8	16,2	8,7	7,0	26,7	2,8	17,1	138
Glókollur	14-403	Bjarmi	13-408	117,2	112,3	90,2	106,6	17,6	10,3	7,3	26,4	3,7	17,3	136
Sveinki	14-405	Salamon	10-906	92,3	99,2	117,1	102,9	15,7	8,8	6,4	28,0	3,1	17,2	137
Glói	14-402	Bjarmi	13-408	116,5	106,5	115,1	112,7	17,6	10,3	7,6	27,3	3,6	17,7	140
Bjarmi	13-408	Dabbi	10-162	99,6	132,3	126,2	119,4	16,3	10,3	6,8	26,8	2,4	17,4	139
Frekur	13-409	Dropi	10-134	97,0	91,7	88,7	92,5	16,1	8,5	6,3	25,3	2,9	17,0	135
Snjall	14-404	Tinni	13-412	106,0	86,3	99,0	97,1	16,9	8,6	6,7	26,1	2,8	17,0	139
								16,3	9,2	6,7	26,3	3,1	17,1	138

Í þessari rannsókn eru það afkvæmahópar undan feðgum sem standa öðrum feti frammar. Lömbin undan eldri hrútnum sýna verulega yfirburði í ómvöðvamælingum lambanna og eru fitulítill og vel gerð en hann heitir Bjarmi 13-408 og er aðfenginn frá Broddanesi 1 og er undan hrútagullinu Dabba 10-162 og í móðurætt raða sér ekki síður gamlir jöfrar þar sem Gullmoli 05-552 er móðurfaðir og Dugur 01-346 fylgir á hæla honum. Lömbin undan syni hans Glóa 14-402 sýna athyglisverða yfirburði í vænleika og gefa ákaflega gott gerðarmat. Talsverður fjöldi lambanna eru gemlingslömb. Í ættum Glóa er smávegis af hyrndu fé þar sem Sokki 07-835 er móðurföðurfaðir Glóa.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Eiríksstaðir, Djúpavogshreppi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Mógúll	14-015	Títlis	12-029	94,2	81,7	68,5	81,5	16,7	9,2	7,0	27,2	3,4	17,0	142
Albatros	14-010	Melur	12-328	122,8	70,1	81,6	91,5	18,9	9,0	7,6	28,3	3,7	17,3	140
Lemúr	14-014	Baugur	10-889	106,6	92,6	110,4	103,2	17,7	9,5	7,1	29,6	3,1	17,2	145
Eir	10-010	Kveikur	05-965	98,5	103,4	114,6	105,5	17,0	10,3	7,4	29,4	2,9	17,3	139
Draupnir	14-011	Kári	12-339	90,5	112,3	106,2	103,0	16,4	9,3	6,1	28,4	2,4	16,7	142
Rúbert	14-016	Salamon	10-906	97,3	112,8	116,6	108,9	16,9	9,3	6,1	28,5	2,2	17,1	139
Jaki	14-013	Roði	10-897	108,8	95,1	98,4	100,8	18,1	9,4	7,1	29,0	3,3	17,0	154
Svartur	14-017	Kári	10-904	93,6	112,4	123,2	109,7	16,6	9,6	6,4	28,9	2,4	17,1	139
Gárungi	14-012	Putti	11-921	98,6	109,9	90,2	99,6	17,0	9,6	6,5	27,0	2,6	17,0	144
								17,1	9,5	6,8	28,4	2,9	17,1	141

Hér er góður hópur veturgamalla hrúta í rannsókn og yfirburðir tveggja hópanna nokkuð skýrir. Lömbin undan Svarti 14-017 eru ágætlega gerð og koma vel frá samanburði bakmælinga en þungasamanburður er þeim eilítið í óhag. Svartur er sonur Kára 10-904 en móðurfaðir hans er Grábotni 06-833. Hinn hópurinn er undan Rúberti 14-016 og eru lömbin prýðilega vel gerð og hafa mjög litla fitu. Rúbert er sonur Salómons 10-908 en móðurætt er heimaræktun sem stunduð hefur verið af alúð síðustu árin.

Rauðholt 1

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sandi	12-324	Snær	07-867	94,0	120,0	109,8	108,0	16,3	9,3	5,8	30,6	2,6	17,3	142
Puntur	14-371	Tenór	08-873	104,5	112,4	103,1	106,7	17,0	8,7	5,3	30,0	2,1	17,3	139
Burkni	14-374	Salamon	10-906	103,5	98,7	105,4	102,5	16,9	9,0	6,2	31,2	3,1	17,4	147
Traustur	10-273	Tígur	08-280	99,3	94,3	109,7	101,1	16,6	8,5	5,8	30,2	2,4	17,4	143
Pipar	13-349	Grábotni	06-833	103,9	108,9	89,5	100,7	16,9	9,3	6,2	30,6	3,2	17,4	140
Vingull	14-370	Kjarkur	08-840	98,0	91,8	111,1	100,3	16,5	8,4	5,8	30,0	1,9	17,3	140
Hrjótur	12-321	Grábotni	06-833	90,6	98,5	104,1	97,7	15,9	8,1	5,3	29,7	2,1	17,3	136
Brúsi	14-372	Bósi	08-901	105,1	87,6	99,8	97,5	17,0	8,5	6,0	29,5	2,1	17,3	143
Lappi	14-369	Pipar	13-349	96,4	92,8	102,1	97,1	16,3	8,5	5,9	30,2	2,5	17,4	143
Reyr	14-373	Rafall	09-881	95,7	94,9	98,2	96,3	16,3	8,7	6,0	30,2	2,8	17,5	143
Stakkur	14-368	Pipar	13-349	107,5	74,9	67,4	83,2	17,2	8,3	6,3	28,4	2,9	16,9	152
								16,6	8,8	5,9	30,1	2,6	17,3	142

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Hér var hópur hrúta í rannsókn, og lömbin ágætlega væn en gerðin þokkalega með tilliti til þess. Tveim hópum skal vakin athygli á. Lömbin undan Sandi 12-324 eru með þykkun bakvöðva og hagstætt kjötmat. Sérstaklega er fita lítil eins og hann á kyn til en hann er sonur Snæs 07-867 og móðurfaðir hans Gotti 05-804. Punktur 14-371 átti allvæn lömb með góða bakvöðvaþykkt og nánast fitulaus. Þessi hrútur er sonur Tenórs 08-873.

Austur-Skaftafellssýsla

Hof, Örævasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óðinn	14-566	Saumur	12-915	98,6	115,0	127,4	113,7	15,5	9,5	6,1	28,9	2,4	17,8	155
Teitur	12-553	Kvistur	07-866	105,1	106,4	112,4	107,9	16,0	9,0	6,2	27,5	1,9	17,5	153
Glanni	14-568	Klossi	13-557	101,4	110,6	90,4	100,8	15,8	9,1	6,1	26,8	2,3	17,4	151
Bátur	14-564	Bekri	12-911	98,6	106,1	97,4	100,7	15,6	9,1	6,2	27,4	2,4	17,2	148
Pési	14-563	Klossi	13-557	103,7	99,6	96,4	99,9	16,1	9,2	6,6	26,8	2,2	17,4	150
Kóngur	11-682	Gosi	09-850	93,9	94,0	100,5	96,1	15,2	8,7	6,2	27,4	2,2	17,3	150
Suðri	14-571	Forkur	11-527	109,1	80,5	88,4	92,7	16,3	8,4	6,5	27,0	2,3	17,3	149
Vestri	14-570	Sjóður	13-533	86,2	86,6	97,1	90,0	14,5	8,3	5,9	27,0	2,3	17,3	150
								15,7	8,9	6,2	27,3	2,3	17,4	150

Hér er mikið af snoturlega gerðum lömbum eins og oft áður. Bestu lömbin í rannsókninni voru undan Óðni 14-566 en þau höfðu mjög þykkar vöðva bæði á baki og í lærum og að öllu leyti mjög vel gerð. Hann er einn úrvalshrútanna sem voru að blómstra haustið 2015 undan Saumi 12-915 og móðurættin spillti ekki þar sem móðurfaðirinn Breki 07-563 var einn topphrútanna sem Örn fékk undan Rafti 05-966 á sínum tíma og síðan fylgir Busi 03-946. Teitur 12-553 sem er sonur Kvists 07-866 átti líkt og árið áður hóp góðar lamba.

Smyrlabjörg

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	14-011	Atgeir	12-156	102,1	97,4	134,7	111,4	15,4	9,0	6,7	28,9	2,7	17,5	148
	14-016	Bekri	12-911	105,4	111,8	112,2	109,8	15,7	9,3	6,4	28,0	3,0	17,5	143
	14-015	Bekri	12-911	97,4	99,2	107,2	101,3	14,9	8,6	6,0	27,2	2,6	17,3	145
	14-013	Saumur	12-915	97,9	92,2	112,2	100,8	15,0	8,5	6,3	27,3	2,5	17,5	147
	14-012	Arnar	13-543	105,0	111,4	81,4	99,3	15,7	9,1	6,2	26,5	3,1	17,3	145
	14-017	Váli	10-907	94,8	95,7	102,7	97,7	14,7	8,5	6,1	27,5	2,8	17,3	151
	14-014	Gaur	09-879	95,1	100,1	70,2	88,5	14,6	8,5	5,9	26,0	3,1	16,8	150
	14-019	Prúður	11-896	100,3	90,9	69,7	87,0	15,2	8,5	6,3	25,8	3,1	16,9	145
								15,2	8,8	6,3	27,3	2,8	17,3	146

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Á þessu búi er samfelld áratuga ræktunarsaga en þroski lamba haustið 2015 var heldur undir meðallagi. Tveir hópar báru nokkuð af. Lömbin undan Suðra 14-011 báru mikið af með bakvöðvayþykkt og voru með skínandi lærahold. Suðri er fenginn úr hjörð Jóns Þorsteinssonar sem áður bjó í Lækjarhúsum. Faðir Suðra, Atgeir 12-156, var sonur Hergils 08-870 en móðurfaðir Suðra er Kveikur 05-965. Hrútur 14-016 átti þarna mjög jafnvel gerð lömb sem einnig stóðu prýðilega í þungasamanburði hópanna. Hrútur þessi er sonur Bekra 12-911 en móðurfaðir hans Kuti 06-665 sem var sonur Busa 03-946 sem var mikil frægðarsól einkunn vegna óvanalegra yfirburða í bakvöðvayþykkt.

Vestur-Skaftafellssýsla

Kirkjubæjarklaustur

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallp.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallp.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tindur	13-540	Jökull	07-844	94,4	116,8	127,6	112,9	16,2	9,5	5,4	29,1	2,4	17,4	140
Gosi	13-538	Ás	09-877	108,3	120,1	102,9	110,4	17,1	10,1	5,7	28,5	2,8	17,4	141
Smiður	14-546	Saumur	12-915	93,1	115,5	105,8	104,8	15,9	9,3	5,1	27,9	2,3	17,3	144
Hanni	14-547	Hans	12-532	94,9	98,4	114,4	102,6	15,9	8,9	5,5	28,9	2,3	17,3	146
Tröllli	12-533	Dynur	09-508	104,1	91,3	96,5	97,3	16,8	9,1	5,7	27,9	2,5	17,2	143
Hans	12-532	Hergill	08-870	102,0	92,9	88,4	94,4	16,7	9,6	6,2	27,1	2,6	17,2	146
Tengill	14-544	Rafall	09-881	101,6	83,1	97,1	94,0	16,7	9,2	6,2	27,5	2,4	17,4	143
Gáski	14-545	Saumur	12-915	99,5	90,2	84,3	91,3	16,5	9,3	6,0	27,3	2,7	17,0	140
Binni	14-542	Breki	12-535	94,0	91,1	77,6	87,6	16,0	8,9	5,7	27,1	2,7	17,0	141
Freyr	14-543	Rafall	09-881	102,7	72,1	77,0	83,9	16,8	8,5	6,0	26,5	2,4	16,6	146
								16,5	9,3	5,7	28,0	2,5	17,2	142

Hér var fjöldi fallegra lamba í rannsókninni eins og oft áður á þessu búi. Tveir hrútar sem einnig voru í rannsókn á síðasta ári standa efstir. Tindur 13-540 á lömb með mjög þykkar bakvöðva, góð lærahold og ákaflega litla fitu en á síðasta ári var hann einnig efstur í rannsókninni þá. Tindur er sonur Jökuls 07-844 og móðurföðurfaðir Hylur 01-883. Gosi 13-538 á lömb sem eru mjög þroskamikil í samanburði hópanna með góða gerð og lærahold en hann sýndi einnig jákvæðar niðurstöður í rannsókn á síðasta ári. Gosi er sterk sæðingablanda en faðir hans er Ás 09-877 og móðurfaðir hans Lágfóttur 07-521 reyndist vel en hann var sonur Lunda 03-945 og í móðurlínunni næst stendur Bessi 99-851 þannig að grunnurinn er breiður.

Rangárvallasýsla

Ytri-Skógar

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallp.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallp.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Grímur	14-955	Lækur	13-928	90,7	126,9	124,2	113,9	16,7	11,3	6,5	30,0	2,1	17,9	157
Svimi	14-956	Hængur	10-903	106,4	110,4	110,8	109,2	18,0	11,3	7,0	29,8	2,1	17,6	157
Kaldi	14-514	Varmi	13-485	89,4	90,5	129,7	103,2	16,6	10,0	6,5	30,5	2,0	17,8	161
Uggi	14-509	Hængur	10-903	101,7	101,6	103,2	102,2	17,6	10,6	6,7	29,0	2,0	17,6	154
Flótti	14-507	Myrkvi	10-905	114,6	79,4	105,3	99,7	18,6	10,3	7,2	29,8	2,3	17,7	160
Viður	14-513	Hlynur	13-481	98,0	93,2	91,7	94,3	17,3	9,6	6,0	28,8	2,1	17,4	153
Glaður	14-511	Bósi	08-901	102,2	94,5	80,9	92,5	17,7	10,3	6,7	28,4	2,4	17,7	158
Heiðar	14-508	Myrkvi	10-905	97,8	104,7	64,4	89,0	17,3	9,9	5,9	27,2	2,2	17,5	153
								17,5	10,4	6,5	29,1	2,2	17,6	157

Parna var eins og um áratuga skeið afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar. Aldrei hafa lömbin í afkvæmarannsóknunum verið eins fádæma vel gerð og að þessu sinni eins og allar tölur töflunnar sýna en afkvæmarannsóknin byggir á hrútlömum öfugt við það sem almennt er í þessum rannsóknnum. Ástæða er að benda á að allir hrútarnir sem efstir stóðu voru haustið 2014 í efstu sætum lambhrútanna í Skógum sem einstaklingar. Þess má einnig geta að skoðun á gimbrunum undan hrútunum sýndi nákvæmlega sömu röðun og fyrir hrútlömbin sem styrkir enn þá ályktun að þrír bestu hrútarnir séu hver öðum meiri kynbótagripir. Tveir þeirra fóru beint á sæðingastöð þeir Grímur 14-955 og Svimi 14-956 og vísast til hrútaskrár um frekari umfjöllun um þá. Grímur er einstök kjöttgæðakind en sum afkvæma hans fremur bolstutt þannig að samanburður í þunga er honum aðeins í óhag. Svimi gefur aftur á móti einstaklega glæsileg og vel gerð afkvæmi og þroski afkvæma hans og glæsileiki er mikill. Kaldi 14-514 átti einnig ákaflega athyglisverðan afkvæmahóp en bakvöðvapykkt og lærahold afkvæma hans var með fádæmum og koma að óvart að kjötmatsniðurstöður yrðu ekki enn sterkari en raun bar vitin. Mögulega skortir einnig vænleika hjá afkvæmum hans til að hann sé áhugaverður stöðvarhrútur en hann er af ættum ýmsu af því bestu í Skógafénu. Faðir hans Varmi 13-485 reyndist vel og móðurfaðir Kalda er Saumur 12-915 og í móðurlínunni fylgir síðan Kveikur 05-965. Ákaflega forvitnilegt verður að sjá hvernig afkvæmi hans sýna sig á næsta ári.

Árnessýsla

Gýgjarhólskot

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Síldarkóngur	14-269	Tenór	08-873	105,1	107,1	140,6	117,6	23,8	11,0	7,9	34,1	2,8	18,3	166
Hvítháfur	14-271	Tenór	08-873	92,8	111,0	101,5	101,7	22,7	10,9	7,7	31,9	3,1	18,2	168
Makríll	14-275	Grænn	12-261	101,4	101,3	95,7	99,5	23,4	10,4	7,4	31,3	2,7	18,0	165
Marhnútur	14-270	Gaur	09-879	98,2	113,5	82,8	98,2	23,2	11,5	8,4	30,1	3,1	18,4	164
Skarkoli	14-272	Bósi	08-901	103,9	66,4	72,1	80,8	23,6	10,1	8,5	31,0	3,5	17,8	165
								23,3	10,8	8,0	31,8	3,0	18,1	166

Þarna eru veturgömlu hrútarnir á búinu í afkvæmasamanburði. Þegar þessar tölur eru skoðaðar ber þess að geta að lömbin eru skoðuð seint að haustinu og þess vegna eldri en gerist í öðrum rannsóknum en þrátt fyrir það er þroski lambanna einstakur og engin dæmi um hliðstæður í slíkum rannsóknum hér á landi áður. Þrátt fyrir þennan fádæma vænleika lambanna er fitumat þeirra með ólíkindum hagstætt þrátt fyrir það að nokkur fjöldi lamba losar 30 kg fallþunga. Í rannsókninni báru lömbin undan Síldarkóngi 14-269 ákaflega mikið af hinum hópunum. Lömbin undan honum voru nær 24 kg að jafnaði í fallþunga, yfirburðir í bakvöðvamælingu ótrúlegir, lærahold öflug og fita lítil miðað við þunga lambanna. Þessi ólíkindakind er sonur Tenórs 08-873 og móðurfaðir hans Mjöður 07-811, sem aldrei náði að hafa teljandi áhrif í ræktunarstarfinu þar sem hann féll frá eftir árs notkun á stöð.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Haukholt

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Putti	13-001	Patti	11-005	96,1	115,6	118,9	110,2	15,1	8,8	5,7	31,6	2,2	17,8	148
Hjalli	14-013	Stubbur sokka sonur	12-006	104,0	113,2	103,1	106,8	15,8	9,0	6,0	30,1	2,2	17,8	146
Kubbur	14-012	sonur	12-001	105,3	95,0	107,8	102,7	15,9	9,5	7,1	29,5	1,9	18,0	149
Kóngur	14-011	Stubbur lgob	12-006	102,7	104,3	95,4	100,8	15,7	8,7	6,0	29,5	2,2	17,7	145
Bakki	14-016	Nr,One	12-305	102,6	88,5	87,3	92,8	15,7	8,9	6,8	29,4	2,3	17,7	146
Jón	14-017	Númi	10-574	90,6	85,9	89,3	88,6	14,7	8,0	6,0	29,9	2,7	17,7	147
								15,4	8,8	6,3	30,0	2,3	17,8	147

Hér voru veturgamlir hrútar í rannsókn auk eins tveggja vetra hrúts sem stóð þar efstur en það var Putti 13-001. Lömbin undan honum voru með prýðis kjötgæði þó að lærastigun virðist í hæstu hæðum miðað við kjötmat en vöðvar eru þykkir og fita lítil. Putti er sonur Patta 11-005 sem var sonur Prjóns 07-812. Hjalli 14-013 kom vel út úr þunga- og kjötmatssamanburði. Hjalli er mikið af sama ættmeiði og Putti.

Heiðarbær 1

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fit	Ómv.	Ómf.	Lær	Aldur
Drómundur Sæmi	14-191	Illugi	11-142	97,2	106,2	109,5	104,3	15,2	8,6	5,3	26,8	2,2	17,2	160
Selseista	14-195	Myrkvi	10-905	115,4	88,7	104,1	102,7	17,3	8,8	6	26,5	2,1	17,1	160
Skorangeir	14-192	Illugi	11-142	98,8	102,8	102,2	101,2	15,3	9,3	6,0	25,4	1,7	17,2	165
Uxafótur	14-199	Skratti	12-913	99,6	103,0	92,5	98,4	15,4	8,7	5,4	25,3	1,9	16,9	161
Öngull	14-194	Bósi	08-901	97,3	94,4	100,2	97,3	15,2	8,3	5,4	25,4	1,7	17,0	163
Heljarskinn	14-197	Kjarkur	08-840	95,1	102,1	93,5	96,9	15,0	8,4	5,2	25,2	1,7	16,9	163
								15,4	8,7	5,5	25,7	1,9	17,0	162

Hér voru veturgömlu hrútarnir í samanburði líkt og undanfarin ár. Munur milli hópanna var hins vegar að þessu sinni hverfandi lítill. Lömbin undan Drómundi 14-191 stóðu best í kjötgæðasamanburði en hrútur þessi mun hafa verið vænsta lamb sem til skoðunar kom á Suðurlandi haustið 2014 en hann er undan Illuga 11-142 sem hefur verið einn sterkasti hrútur búsinns síðustu árin sonur Grábotna 03-833 og móðurfaðir Drómundar er Snorri 08-170 hinn aðalhöfðingi búsinns síðustu árin sonur Kveiks 05-965. Drómundur sjálfur er svartbotnóttur að lit.

Afkvæmarannsóknir í sauðfjarrækt 2015

Allir yfirburðir í þunga í rannsókninni, sem voru gríðarlega miklir, féllu í hlut lambanna undan Sæma selseista 14-195. Sá hrútur er mórauður að lit og mæður lambanna líklega nokkuð valdar með hliðsjón af litnum sem mögulega hefur einhver áhrif. Sæmi er sonur Myrkva 10-905 og móðurfaðir hans Grábotni 06-833.